

# Skák eflir skóla

Niðurstöður nefndar um gildi skákkennslu í skólum

14. mars 2013



## Efnisyfirlit

Formáli.....	5
1. Niðurstöður erlendra rannsókna.....	7
Námseta.....	7
Einbeiting.....	7
Ímyndunarafl og sjónminni.....	7
Forsjálni – að hugsa fram í tímann.....	8
Ákvarðanatáka – að taka af skarið.....	8
Greining á úrlausnarefnum.....	8
Óhlutbundin hugsun.....	8
Áætlanagerð og strategía.....	9
Fjölþættar lausnir og þrautseigja.....	9
Félagsleg tengsl og samheldni.....	9
2. Vitnisburður innlendra aðila.....	11
3. Niðurstöður könnunar um skákiðkun í skólum.....	14
4. Leiðin fram á við – hver er næsti leikur?.....	16
Tilraunaverkefni hÉrlendis hefjist haustið 2013.....	16
Kennsluefni á íslensku fyrir yngstu börnin.....	17
Námskeið, smiðjur, verkefnisstjórn og verkefnisstjóri.....	18
Það er leikur að læra – skák er skemmtileg.....	19
Fylgiskjal A: The Benefits of Chess in Education.....	21
Fylgiskjal B: Umsagnir um skákkennslu í grunnskólum.....	22
Fylgiskjal C: Könnun á viðhorfum skólastjóra til skákkennslu í skólum.....	47
Fylgiskjal D: Bækur og kennslugögn fyrir 1. bekk og kostir skákkennslu.....	48
Fylgiskjal E: Skýrsla nefndar 2007: Efling skáklistar í grunnskólum.....	50



## Formáli

Þann 2. janúar 2013 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra nefnd sem var falið að kanna kosti skákkennslu í grunnskólum með sérstakri áherslu á áhrif skákkennslu á námsárangur og félagslega færni barna. Nefndinni var falið að kortleggja stöðu skákkennslu í grunnskólum á Íslandi, afla gagna og vitnisburða og rýna í alþjóðlegar rannsóknir á áhrifum skákiðkunar í skólum. Auk þess var nefndinni falið að gera tillögur að tilraunverkefni á sviði skákkennslu.

Í nefndina voru skipuð þau Anna Kristín Jörundsdóttir, kennari, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Alþingismaður, sem jafnframt var skipuð formaður, Helgi Árnason, skólastjóri, Helgi Ólafsson, skólastjóri, Hrafn Jökulsson, rithöfundur, Lenka Ptácníková, stórmeistari kvenna og Stefán Bergsson, framkvæmdastjóri. Stefán Baldursson, skrifstofustjóri, starfaði með nefndinni af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Nefndin hittist á sjö fundum. Skoðaðar voru erlendar rannsóknir sem fyrir liggja um áhrif skákkennslu á skólastarf og jafnframt var innlendum vitnisburðum safnað saman um reynslu skólastjórnenda, kennara og foreldra af gildi skákiðkunar í skólum. Nefndin framkvæmdi einnig sérstaka könnun meðal skólastjóra allra grunnskóla landsins um stöðu skákiðkunar í almennu skólastarfi og áhuga á aukinni skákkennslu. Þá var fyrirbyggjandi kennsluefni á íslensku í skák metið og þörfin fyrir frekara námsefni greind. Í greinargerð þessari er fjallað um hvern og einn þessara þátta og gerð tillaga að framkvæmd tilraunaverkefnis í skákkennslu í grunnskólum frá og með komandi hausti.

Reykjavík 14. mars 2013

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir

Anna Kristín Jörundsdóttir

Helgi Árnason

Helgi Ólafsson

Hrafn Jökulsson

Lenka Ptácníková

Stefán Bergsson



## 1. Niðurstöður erlendra rannsókna

Mikill fjöldi rannsókna liggur fyrir erlendis um það með hvaða hætti skák styrkir nemendur og eflir skólastarf. Rauðir þræðir liggja í gegnum margar þessara ólíku rannsókna þvert á mismunandi lönd, menningarheima og skólaumhverfi. Þær mörgu erlendu rannsóknir sem nefndin hefur kynnt sér sýna með sannfærandi hætti fram á hversu öflugt tæki regluleg og kerfisbundin iðkun skáklistar í skólum er fyrir nemendur og almennt skólastarf. Margvíslegar greiningar liggja fyrir um það hvernig skák styrkir ólíka færni í námi einstaklinga á mismunandi sviðum.

Upphaflega lutu rannsóknir á áhrifum skákiðkunar á nemendur og skólastarf fyrst og fremst að aukinni námsgetu og færni nemenda í ólíkum námsgreinum. Það sem hefur hins vegar hlotið æ meiri umfjöllun í seinni tíma rannsóknum eru hin jákvæðu félagslegu áhrif sem öflug skákiðkun í skólum hefur sýnt fram á. Kerfisbundnar rannsóknir á þessari hlið skákiðkunar í skólum fóru að hefjast í kjölfarið á því að skólastjórnendur og kennarar vitnuðu í eigin reynslu að jákvæðum félagslegum breytingum innan veggja skóla þar sem skák var kennd skipulega.

Til að gera helstu niðurstöður þessara rannsókna aðgengilegri er gagnlegt að skipta niðurstöðum upp í eftirfarandi þemu:

### Námsgeta

Námsgeta eykst með margvíslegum hætti hjá ólíkum hópum nemenda. Rannsóknir sýna sérstaklega aukna getu á sviði lestrar, lesskilnings og stærðfræði.

### Einbeiting

Nemendur þjálfast í að einbeita sér að úrlausn verkefna innan tiltekins tímaramma. Þar sem skákin er leikur og krefst þess stöðugt af nemandanum að leika næsta leik – hver sá sem teflir beinlínis verður að leika einhverjum leik jafnvel þótt honum finnist hann “týndur” og ekkert vita hvað eigi að leika næst – þá þjálfast sjálfstæð og virk þátttaka nemandans við að finna lausn í stöðunni og taka ákvörðun. Þar sem næsti leikur á skákborðinu er í sífellu yfirvofandi hvetur það nemendur til að fylgjast með af áhuga og einbeita sér með skilvirkum hætti.

### Ímyndunarafli og sjónminni

Nemendur þjálfast í að ímynda sér röð leikja og atburða áður en þeir eiga sér stað. Með þessu þjálfast ímyndunarafli þeirra og hæfileiki til að sjá fyrir sér ólík atvik og mynstur í huganum. Skákin er með þessum hætti mjög myndræn og myndin þróast áfram í huga nemandans eftir því sem skákinni vindur fram. Þessi

Þáttur skáklistarinnar er talinn tengjast sérstaklega aukinni hæfni nemenda í lestri, lesskilningi og stærðfræði og öðrum greinum þar sem tiltekin mynstur eru endurtekin.

### Forsjálni – að hugsa fram í tímann

Nemendur þjálfast í að hugsa áður en þeir leika og reyna að sjá fyrir sér afleiðingar eigin ákvarðana og hvernig þeir munu þá geta brugðist við. Með tímanum þjálfast nemendur í meiri þolinmæði og vandvirkni þar eð eina leiðin til að vinna í skák er að hugsa áður en leikið er. Í hverri skák fá nemendur fjöldann allan af verkefnum til að leysa, hvernig eigi að bregðast við mismunandi leikjum andstæðings, taka á fyrirsjáanlegum veikleikum, byggja upp eigin styrkleika og nýta til góðs. Skákin veitir umsvifalausembun eða refsingu fyrir réttar og rangar ákvarðanir og ýtir þannig enn frekar undir hraðara nám.

### Ákvarðanatoka – að taka af skarið

Nemendur þjálfast í að taka ákvörðun og taka af skarið þrátt fyrir stjarnfræðilega marga valkosti og endalause möguleika á mismunandi leikjum og leikjaröðum í hverri stöðu. Ólíkt því þegar nemandi situr í prófi og gefst upp við að leysa stærðfræðidæmi þá er það nær óþekkt í skák að nemandi leiki ekki leik þegar taflíð snýr að honum – í því felst m.a. máttur skákarinnar að nemandinn á alltaf leik og finnur sig knúinn til að leika þrátt fyrir innra óöryggi. Vanmáttakennd gagnvart úrlausnarefninu er ekki óalgeng – “ég hef ekki hugmynd um hvað ég á að leika” – en samt þjálfast nemandinn í að taka af skarið og hafa nógu mikið sjálfsöryggi til að leysa verkefni hverrar stöðu á borðinu.

### Greining á úrlausnarefnum

Nemendur þjálfast í að greina og meta ólíkar stöður á skákborðinu og þau margvíslegu úrlausnarefni sem þar er að finna í hverri stöðu. “Nú er skák á kónginn minn, hvert á ég að fara með hann? Nú er drottningunni minni hótad hvert er best að setja hana? Nú opnast fyrir kónginn hinum megin hvernig get ég nýtt mér það? Ég er þessi undir en hvar liggja styrkleikar mínir í stöðunni og hvernig get ég gert sem mest úr þeim?” Í hverri stöðu í skák koma upp ný úrlausnarefni og mat á styrkleikum og veikleikum sem greina þarf rétt.

### Óhlutbundin hugsun

Nemendur þjálfast með tímanum í að auðkenna tiltekin mynstur í einni skákstöðu og yfirfæra þau yfir á annars konar landslag á skákborðinu. Nemendur þurfa ítrekað í hverri skák að fara á milli þess að hugsa um eitt, afmarkað svæði og einn taflmann yfir í að reyna að skilja skákborðið allt og bregðast við aðstæðum á mismunandi vígstöðvum. Þessi stöðugu stökk á milli nákvæmra smáatriða og heildarmyndar sem taflmennska krefst, sem og stökk á milli viðbragða við leik andstæðingsins og frumkvæðis eigin leikja, þjálfar óhlutbundna hugsun nemenda.



## Áætlanagerð og strategía

Nemendur þjálfast í að þróa langtímaáætlanir og markmið sem þeir síðan þurfa að greina niður í smærri skref einstakra leikja til að ná settu marki. Þeir þjálfast einnig í að endurmeta áætlanir sínar og strategíur eftir því sem landslagið á skákborðinu breytist. Slíkt kallar á opna og víðsýna en jafnframt agaða nálgun á viðfangsefnið.

## Fjölbættar lausnir og þrautseigja

Nemendur þjálfast í að festast ekki í einni hugsun heldur að leita stöðugt nýrra leiða og lausna við að takast á við aðstæður. Þeir þurfa að halda einbeitingu og ró þegar óvæntir leikir og aðstæður koma upp á taflborðinu og ýmsar hindranir vakna sem koma í veg fyrir að auðvelt sé að ná settu marki. Í nánast hverri skák snýst taflíð við og nemendur gera mistök sem þeir sjá eftir en þjálfast í að gefast ekki upp heldur hafa trú á að þeir geti aftur snúið taflinu sér í vil. Um leið þjálfast framsýni því að ekki þýðir að sjá eftir mistökum sem hafa orðið á skákborðinu heldur verður að einblína á hvernig hægt sé að byggja upp stöðuna áfram og komast hratt og fljótt yfir eigin mistök. Þrautseigja við að leita lausna er einn af sígildum lærdómi skákarinnar.

Ýmsa aðra þætti má vitna í sem rannsakendur og þeir sem langa reynslu hafa af kennslu skákar í skólum erlendis telja að nýtist nemendum vel í ólíku námi. Til þeirra sem vilja kynna sér slíkt með ítarlegri hætti er vísað í fylgiskjal A þar sem er að finna lista yfir ýmsar rannsóknir í þessum efnum. Einnig má benda á vefslóðir þar sem er að finna vísan í margvíslegar rannsóknir, s.s.

<http://chessinschools.co.uk/research.htm>

<http://quadcitychess.com/benefitsofchess.html>

<http://championshipchess.net/research.html>

<http://chesskids.com>

<http://www.scotland.gov.uk/Resource/Doc/930/0009711.pdf>

## Félagsleg tengsl og samheldni

Það sem vakið hefur hvað mesta eftirtekt í rannsóknum seinni tíma á áhrifum skáklistarinnar í skólastarfi er hversu vel skákin hefur reynst félagslega og þá sem samfélagslegt tæki innan veggja skólans. Skákiðkun leiðir þannig saman ólíka hópa krakka með mismunandi bakgrunn sem að öðrum kosti leiða jafnan ekki saman hesta sína; skákin gefur mismunandi kynslóðum og árgöngum barna og ungmenna tækifæri til að kynnast og eiga samskipti og þappar saman ólíkum hópum nemenda sem að öðrum kosti hafa tilhneigingu til að einangrast frá hver öðrum. Þá virðist skákin ná vel til barna og ungmenna sem ekki endilega finna sig í hinum hefðbundna ramma skólans. Hvort heldur er um að ræða bráðger börn sem eiga sérlega auðvelt með að læra en þurfa á meira krefjandi verkefnum að halda, eða börn sem hafa greinst með athyglisbrest eða annars konar erfiðleika, þá virðast slík börn jafnvel með undraverðum hætti ná að tengjast bæði skáklistinni og öðru fólki í gegnum skák. Eitt endurtekið þema í þessu samhengi er skákin sem tungumál sem öllum reynist auðvelt að læra og tjá sig á.

Þannig má til dæmis greina að börn af erlendum uppruna sem eiga erfiðara með að tjá sig á tungumáli ná að fóta sig í skáklistinni og tjá sig við aðra krakka í gegnum sameiginlegan leik í skák.

Í þeim rannsóknum sem lúta að félagslegri hlið skólastarfsins er þannig sérstaklega lögð áhersla á hvernig skákin brúar bil milli ólíkra hópa og einstaklinga sem að öðrum kosti mundu ekki nálgast hver aðra innan veggja skólans. Skákborðið leiðir saman nemendur á ólíkum aldri, uppruna, bakgrunni og kyni sem og nemendur með gjörólíka félagslega færni. Rannsóknir sýna ítrekað að nemendur sem erfitt eiga með að aðlagast hefðbundnu skólastarfi ná að haga sér á allt annan hátt við skákborðið og tengjast öðrum nemendum með nýjum hætti. Nemendur sem ekki finna sig í skólakerfinu laðast samt að skákborðinu og þeim leik sem þar er í boði og slíkt byggir upp sjálfstraust þeirra og færni á öðrum sviðum. Þessi jákvæðu félagslegu áhrif hjálpa ekki bara viðkomandi einstaklingum heldur skólasamfélaginu öllu. Skýrslur og rannsóknir erlendis frá sýna ítrekað fram á aukna námsfýsi, betri hegðan og meira sjálfstraust hjá þeim hópum nemenda sem fá reglubundna kennslu í skák og tækifæri til skákiðkunar.

## 2. Vitnisburður innlendra aðila

Enn sem komið er hafa engar formlegar eða kerfisbundnar fræðilegar rannsóknir verið gerðar hérlandis á áhrifum skákkennslu á námsgetu nemenda eða félagslega samheldni innan veggja mismunandi skóla. Lítil ástæða virðist hins vegar til að ætla að niðurstöður slíkra rannsókna yrði aðrar en þeirra rannsókna í mismunandi löndum sem fyrir liggja og vitnað hefur verið í hér að framan.

Innlendur vitnisburður skólastjórnenda, kennara og foreldra hérlandis sem hafa reynslu af skákiðkun í skólum er þannig í miklum samhljómi við þær niðurstöður og þá reynslu erlendis frá sem fyrir liggur. Augljóslega væri hægt að ráðast í mun yfirgripsmeiri samantekt á vitnisburðum en þá sem hér fylgir en hins vegar gefa vitnisburðir ólíkra aðila hérlandis góðar vísbindingar um gildi skákkennslu í skólum. Fyrir nánari útlistun á þessum vitnisburðum er vísað í fylgiskjal B, en eftirtaldir eru m.a. þeir þættir sem innlendir aðilar leggja áherslu á í sínu innleggi og ríma vel við þá reynslu sem staðfest hefur verið erlendis:

*“Við byrjuðum í fyrra að vera með skák sem valgrein 2-3 sinnum í viku og er skemmt frá að segja að skákin svínvirkar á þau, þau ná ró og þjálfar athygli og átta sig á að skákin þarf að vinnast í ró og friði. Þetta eru ekki börn sem nokkur hefði trúað að gætu setið kyrr í hálfan eða einn tíma og hugsað sig um yfir skákbörði...”*

Reynir Hjartarson, kennari, Hlíðarskóla

*“Einn af stærri kostum skákiðkunar er að þeir sem hana stunda og þá sérstaklega börn gera sér ekki í hugarlund hvað að er margt sem ávinnst við taflborðið. Í skákkennslunni halda nemendurinnir að þau séu bara að tefla og leiða ekki hugann að öllum þeim þroska sem tikkar inn á sama tíma og taflað á sér stað. Leikur er nám er orðatiltæki sem á vel við þegar skákkennsla á í hlut.”*

Ingibjörg Rósa Ívarsdóttir, kennari, Lágafellsskóla

*“Auk þess að vera skemmtileg íþrótt er ég þess fullviss að skákin þjálfar huga barnanna og þroskar og stuðlar að andlegum og líkamlegum aga.”*

Björn Pétursson, skólastjóri Melaskóla

*“Það er trú okkar, án þess að við höfum fyrir því staðfestar niðurstöður rannsókna, að skákiðkun þjálfar rökhugsun, sjálfsaga og einbeitingu. Þess utan er skákkennslan kærkomin viðbót við námsgreinar skólans og eykur mjög fjölbreytni. Loks gefur þessi viðbót ærin tilefni til að brjóta upp skólastarfið og auka fjölbreytni í félagsstarfinu með þátttöku á skákmótum, bæði innan skóla og utan.”*

Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóri Klébergsskóla

*“Ég hef séð mikinn mun á getu krakka til að einbeita sér eftir að þau hafa þjálfað skák í nokkra mánuði... Skákin eflir þannig rúmskynjun krakka og rökhugsun. Þau*

skilja fljótt að leikirnir hafa afleiðingar og þurfa að taka inn í útrekinga hvað mótherjinn muni taka til bragðs... Hver og einn leikur er ekki tekinn til baka og þau læra fljótt að þau þurfa að hugsa áður en þau framkvæma... Skákmenn upphuga áætlanir og jafnvel þau yngstu eru fljótt komin með skemmtilegar fléttur í hausinn þegar þau eru spurð út í einstaka leiki. Þau eiga stundum erfitt með a koma þeim í orð en geta gjarnan sýnt þau á taflborðinu... Skákin er ljómandi gott tæki til að kenna krökkum að taka ábyrgð á eigin athöfnum... Skákin brúar aldursbil. Krakkar sem standa höllum fæti félagslega fá þar félagslega festu, félagslíf og jafnframt virðingu sem gefur þeim sjálfstraust tli að blómstra á öðrum sviðum lífsins... Tölvunotkun eykst ekki heldur breytist neyslumynstrið, þ.e. að krakkarnir sækja í að tefla á netinu í stað þess að spila tölvuleiki..."

Erla Hjálmarsdóttir, kennari og foreldri skákkrakka

"Þetta hefur brotið upp hefðbundna kennslu, verið þannig eins og hálfgerð frí en um leið gefið nemendum kost á að spreyta sig á nýjum vettvangi, þar sem er krafist aga, rökhugsunar, sálarró, einbeitingar, fyrirhyggju og skipulagningar."

Sigurður Ægisson, sóknarprestur og skákkennari í grunnskóla Fjallabyggðar

"Sonur minn hefur styrkst mikið félagslega, hann er öruggari með sjálfan sig, þorir meiru og það hefur ekki áhrif á hann hver situr á móti honum þegar hann er að tefla, fullorðinn, stigahár eða jafnaldri með sambærileg stig heldur er það skákin sem er aðalatriðið. Mér finnst skákin líka hafa jákvæð áhrif á hann námslega..."

Áróra Hrönn Skúladóttir, foreldri skákkrakka

"Krakkar sem komast upp á lag með að tefla finnst það skemmtilegt. Það er miklu auðveldara að taka þátt og einbeita sér að einhverju sem er skemmtilegt. Skákin er ekki bara skemmtileg heldur vekur hún líka upp hjá þeim, sem tefla, ákveðinn baráttuanda. Þér er ekki sama hvernig skákin fer, þú vilt vinna en ekki tapa. Þessi barátta á skákborðinu vekur upp hjá iðkendum enn meiri einbeitingu. Það er þessi blanda sem þjálfar hugann svo vel þ.e. skemmtunin við að tefla, einbeitingin og baráttan... Einnig vil ég nefna það sérstaklega að krakkar af erlendum uppruna hafa mætt í skákina og er gaman að sjá hvað þau njóta sín þar þrátt fyrir takmarkaða íslenskukunnáttu. Allir eru jafnir við skákborðið og má segja að skákin eigi sitt eigið tungumál sem allir geta lært og skilið."

Björgvin Smári Guðmundsson, kennari við Grunnskólann Hellu

"Ég tel að skák sé ákaflega heppilegt viðfangsefni fyrir unga sem aldna og þeir kostir sem eftirsóknarverðasti eru að mínu áliti eru þessir: Skák er leikur/íþrótt/list sem reynir á rökhugsun en ekki síður ímyndunarafl. Það er ódýrt að stunda skák og hún er spennandi leikur/keppni. Hávaði og læti eiga ekki við þar sem skák er stunduð og hún reynir á aga og sjálfsaga þeirra sem hana stunda. Það skiptir miklu máli að skák er komin til að vera. Hún er þannig úr garði gerð að hún mun væntanlega höfða til ákveðins hóps fólks um ókomna tíð meðan mikið af annarri afþreyingu kemur og fer. Skák er þess eðlis að þótt líkamlegt atgervi sé ekki til staðar getur þú blómstrað í skák. Á efri árum er hægt að stunda skák af krafti þótt möguleikar þínir á mörgum öðrum sviðum fari dvínandi."

*“Í Salaskóla er lögð áhersla á fjölbreytt skólastarf. Skákin er mikilvægur liður í fjölbreytninni og gefur fleiri nemendum tækifæri til að blómstra og njóta sín...”*

Hafsteinn Karlsson, skólastjóri, Salaskóla

*“Ég þekki nokkur dæmi þess að fá í hendur óþekktarorm sem virðist nokkuð skýr í kollinum en gengur illa að feta þær leiðir sem skólinn ætlar viðkomandi. Nokkrir slíkir hafa dottið í skákina og fengið útrás fyrir keppnisþörf og þörfina fyrir ögrandi verkefni. Þeir hafa síðan getað yfirfært þá vissu sína að þeir séu færir um að leysa flókin verkefni yfir á hefðbundið nám.”*

Tómas Rasmus, kennari, Salaskóla

*“Skák þjálfar rökhugsun og gerir nemendum gott t.d. þegar kemur að námi. Sem dæmi komu fjórar efstu einkunnirnar í samræmdu prófum sjöunda bekkjar frá börnum sem stunda skák eða hafa lagt stund á skák.”*

Anna Kristín Jörundsdóttir, kennari, Rimaskóla

*Nemendur sem hafa átt erfitt með einbeitingu og ekki notið sín í námi, hafa fundið sig við skákborðið, bæði náð þar árangri og ekki síður haft ánægju af því að tefla. Þessir nemendur verða hinir meðfærilegustu á skákæfingum eða kennslustundum í skák og taka framförum. Þeir njóta þess að eiga áhugamál þar sem þeir eru jafningjar annarra.*

*Það fylgir skák agi, skýrar reglur og það þarf að vera hljóð, þar sem teflt er hverju sinni. Þegar krakkar finna tilganginn og ánægjuna við skákiðkun þarf nánast aldrei að sussa á þá, það verður bara ósjálfrátt hljóð. Það er yndislegt í heimi hraða og hávaða að kynnast þögninni, þar sem þó er næg spennan til staðar við skákborðið, en eftir henni sækjast krakkar í öllum leik. Nemendur vita til hvers er ætlast til af þeim við skákborðið og þau vita líka nákvæmlega hvað þau þurfa að leggja á sig til að ná árangri.”*

Helgi Árnason, skólastjóri, Rimaskóla

Ítarlegri útlistanir á innlendum vitnisburði aðila sem til þekkja er sem fyrr segir að finna í fylgiskjali B. Vert væri að gera mun viðameiri og ítarlegri úttekt á þessum þáttum og setja í farveg formlegra rannsókn á áhrifum skákiðkunar í skólum hérlendis. Af innlendum vitnisburði að dæma stendur hins vegar upp úr sú samsvörun við þær niðurstöður erlendra rannsókna í þessum efnum og þau endurteknu þemu sem upp koma hvað varðar jákvæð áhrif skákkennslu og skákiðkunar í skólum.

### 3. Niðurstöður könnunar um skákiðkun í skólum

Til að afla upplýsinga um almenna stöðu skákkennslu í skólum og kanna áhuga skólastjórnenda á að taka þátt í hugsanlegu tilraunaverkefni um eflingu skákkennslu var send út rafræn könnun með nokkrum einföldum spurningum um skákiðkun innan veggja skólans. Könnunin fór fram á tímabilinu 29. janúar 2013 til 12. febrúar 2013.


Lagt var upp með að hafa könnunina einfalda og stutta og til þess gerða að auðvelt væri að fylgja henni vel á eftir með beinum tengingum við þá skólastjórnendur sem svöruðu könnuninni. Rúmlega hundrað svör bárust sem jafngildir um 60% svarhlutfalli. Þótt svarhlutfallið sé of lágt til að hægt sé að alhæfa út frá svörunum þá gefa svörin sterkar vísbendingar um áhuga skóla á þátttöku í tilraunaverkefni um eflingu skákkennslu í skólum. Könnun gefur einnig áhugaverðar vísbendingar um stöðu skákiðkunar í skólum almennt.

Mjög er mismunandi eftir skólum hversu lengi skákkennsla stendur og hve oft er boðið upp á hana. Það sem er hins vegar hafið yfir allan vafa og hægt að álykta um með óbyggjandi hætti er hversu mikill áhugi er á aukinni skákkennslu innan veggja grunnskóla landsins – altént hjá þeim sem yfirhöfuð gefa sér tíma til að svara könnuninni.

Könnunin leiddi í ljós að í 73% af þeim skólum sem þátt tóku í könnuninni fór einhvers konar skákiðkun fram í skólanum á síðasta vetri. Þessi skákiðkun gat verið allt frá frjálsum leik barna í frímínútum eða eftir skóla upp í formlega kennslu á skólatíma. Margir skólar bjóða upp á reglubundnar skákæfingar og nokkrir nefndu einnig fjöltefli. Í 57% þeirra skóla sem svöruðu könnuninni fór fram formleg skákkennsla á þessu tímabili en ekki er vitað hversu víðtæk sú kennsla var eða hve lengi hún stóð.

Mynd 1

Fór einhver skákiðkun fram í skólanum á síðasta vetri? (%)




Af útskýringum skólastjóra má ráða að skákkennslan er með ýmsu móti í skólum. Mörg dæmi eru um að boðið sé upp á skákkennslu í vali í 8.-10. bekk og algengt er að nemendum í 3.-7. bekk sé boðið upp á skákæfingar. Minna er um að yngstu nemendunum sé boðið upp á skákæfingar eða skákkennslu. Nokkuð er um að skólar séu í samstarfi við aðila utan skólans um skákæfingar eða skákkennslu og

eru krakkaskak.is og Skákakademían oftast nefnd í þessu sambandi. Í einhverjum tilvikum er um að ræða samstarf við skákkfélag á staðnum.

Þegar skólustjórar voru spurðir hvað stæði skákkennslu í skólanum helst fyrir þrífum nefndi yfirgnæfandi meirihluta þeirra, 63%, skortur á þjálfuðum kennurum og námsefni. Rúmlega þriðjungur nefndi skortur á tíma í stundaskrá, tæplega 20% skólustjóra nefndu skortur á skákbúnaði (töflum og klukkum) og um fjórðungur hökuðu við almennt áhugaleysi. Nokkuð algengt virðist vera að skólustjórar líti svo á að skákiðkun í skólum standi og falli með áhugasömum kennurum; séu slíkir einstaka kennarar ekki til staðar þá sé hæpinn grundvöllur fyrir skákkennslu. Allmargir nefna einnig skortur á tíma í stundaskrá og/eða kostnað við klukkukaup.

Mynd 2


Hvað stendur skákkennslu í skólanum helst fyrir þrífum? (%)  
(haka má við fleiri enn einn valkost)



Skýrust og mest afgerandi eru svörin hins vegar þegar spurt er um almennan áhuga skólustjóranda á að taka þátt í tilraunaverkefni sem mundi innleiða kerfisbundna skákkennslu fyrir yngstu börnin inn í skólastarfið. Hvorki meira né minna en 97% skólustjórnenda lýstu yfir áhuga á þátttöku í slíku verkefni – ef skólinn fengi alhliða aðstoð og bolmagn til slíks – og hljóta það að teljast mjög afgerandi niðurstöður.

Mynd 3

Áhugi á að taka þátt í tilraunaverkefni um skákkennslu fyrir yngstu börnin á skólatíma (%)



Í athugasemdum skólustjóranna kom fram mjög jákvætt viðhorf til skákkennslu í skólum sem þeir rökstuddu gjarnan með tilvísan í uppeldisleg áhrif skákiðkunar, aukna einbeitingu nemenda, rökughugsun, aga og félagsanda. Í fylgiskjali C má sjá könnunina í heild sinni, spurningar, svör og töflur yfir niðurstöður.

#### 4. Leiðin fram á við – hver er næsti leikur?

Rannsóknir á áhrifum skákkennslu í skólum erlendis, vitnisburður ólíkra aðila héraðs sem til þekkja og könnun sem gefur vísbendingar um afgerandi áhuga skólustjórnenda á að taka þátt í tilraunaverkefni sem lýtur að innleiðingu skákkennslu færa sterk og sannfærandi rök fyrir því að taka upp skákkennslu í skólum sem hluta af fastri stundaskrá grunnskóla á Íslandi.

Ísland getur lært margt af öðrum þeim ríkjum sem tekið hafa upp einbeitta stefnu við að innleiða skák í skólakerfið með það að markmiði að efla námshæfni og skólastarf almennt. Nú er til umræðu innan Evrópusambandsins og hjá Evrópuþinginu að taka skák kerfisbundið upp sem fag í skólum vegna þess óyggjandi árangurs sem skipuleg skákkennsla og skákiðkun er talin gefa í skólastarfi; víða utan Evrópusambandsins í ríkjum þar sem mikil skákhefð er til staðar hefur þetta þegar verið tekið upp af metnaði á undanförunum árum við góðan orðstír, svo sem í Armeníu, Tyrklandi og Georgíu og skipulega starfsemi í skólum er einnig að finna í ýmsum öðrum löndum svo sem í Noregi, Bandaríkjunum, Skotlandi, Singapúr og nýverið í Suður-Afríku.

#### Tilraunaverkefni héraðs hefjist haustið 2013

Árið 2007 var tekin saman greinargerð um hvernig efla mætti skák í skólum héraðs þar sem er að finna mýmargar góðar ábendingar sem enn eru í fullu gildi. Nefndin sem nú hefur haft þessi mál til skoðunar leggur hins vegar áherslu á mikilvæga þætti sem ekki hafa áður verið skipulega innleiddir af hálfu skólayfirvalda og væri mikið framfaraskref: Í fyrsta lagi að skákkennsla verði kerfisbundið og skipulega hluti af stundatöflu þeirra skóla sem veljast til þátttöku í tilraunaverkefni; í öðru lagi að skák sé kennd af sjálfum grunnskólakennurum skólanna en ekki af "verktaka" úti í bæ; og í þriðja lagi að fyrir liggi skemmtilegt og aðgengilegt náms- og kennsluefni sem auðveldi hverjum sem er innan veggja skóla að kenna skák. Tryggt verði öflugt utanumhald af reyndum skákþjálfurum, námskeið fyrir kennara, smíðjur og tengslanet og þá er lögð til sú nýbreytni að hefja kennslu á skák strax í 1. bekk hjá yngstu nemendum grunnskólans.

Nefndin leggur til að frá og með komandi hausti verði valdir tilteknir skólar af mismunandi stærð og gerð – úti á landsbyggðinni jafnt sem á höfuðborgarsvæðinu – þar sem skákkennsla er kerfisbundið innleidd í stundaskrá skólanna og kennd af kennurum skólans. Álitamál er hvort hefja eigi slíka skákkennslu strax í 1. bekk hjá yngstu börnunum eða í 3. bekk. Hægt er að mæla með hvoru tveggju og útlista kosti sem galla við að byrja strax hjá þeim yngstu eða bíða eftir að börnin nái frekari þroska. Nefndin leggur hins vegar til að tilraunaverkefnið gangi út frá að hefja skipulega kennslu strax í 1. bekk hjá yngstu börnunum og að þeim sé fylgt eftir í þrjú ár hið minnsta, út 3. bekk.

Ýmsir kostir fylgja því að hefja kennslu á skák strax á fyrsta ári skólagöngu. Þá kynnast börnin skákinni frá fyrsta degi skólagöngu sinnar sem eðlilegum og



hefbundnum þætti í skólastarfinu sem tryggir að útbreiðslan og áhrifin séu frá upphafi sem mest. Kennsla í yngstu bekkjum leggur jafnframt sjálfkrafa höfuðáherlu á leik og gleði – og þar liggur einmitt ótvíræður styrkur skáklistarinnar í hefðbundnu skólastarfi til lengri tíma sem mikivægt er að haldist í gegnum efri bekki einnig. Ef skák er lifandi leikur strax hjá yngstu krökkunum er vonin sú að sú leikgleði haldi áfram upp til eldri árganga. Við kennslu yngstu barna fylgir einnig sá kostur að viðkomandi grunnskólakennarar þurfa nær ekkert að vita um skák til að geta þó verið öflugir skákkennarar – það eitt að kunna mannganginn er nóg til að gera skák að lifandi leik í skólastofunni.

Stefnt skal að því að nemendur séu búnir að tileinka sér heiti, form og einkenni allra taflmannanna í lok annar og kunni mannganginn í lok árs. Afar hægt má gjarnan fara í sakirnar hjá yngstu börnunum og gera hóflegar kröfur um lærdóm hverju sinni með mikla áherslu á handavinnu og myndræna túlkun skáklistarinnar. Hægt er að flétta inn í skákkennsluna fjölda annarra skapandi greina sem þar eiga vel heima, svo sem með því að leggja áherslu á fönður með form taflmanna, litun, úrklippur, gátur og önnur skapandi myndræn verkefni enda nemendur nýkomnir af leikskólastigi. Svokölluð þeðaskák er góð byrjun hjá yngstu kynslóðinni sem er að læra mannganginn en þar er einungis teft með þeðum á borðinu og sá vinnur sem fyrst kemur þeði upp í borð og galdrar það til að verða að drottningu. Þá má nota taflborðið til að finna ýmis mynstur - gröf, línur, ferninga og hringi eftir því sem hver taflmaður kann að fara um borðið. Jafnframt er handhægt að leika sér að tölum og reikningi með vægi taflmanna í stigum, þar sem drottning telur tíu stig, hrókur fimm stig, riddari þrjú stig o.s.frv. Á þessu kennslustigi yngstu barnanna er jafnframt mikið lagt upp úr íþróttamannslegri framkomu, hvernig börn verða að takast í hendur fyrir og eftir skák og bera sig að við taflborðið og fara eftir leikreglum.

Eðlilegt er að alls kyns uppákomur verði hjá svo ungum börnum – þau hafa til að mynda tilhneigingu til að gera eitthvað allt annað við taflmennina heldur en að hreyfa þá um á borðinu, svo sem stafla þeim upp, búa til úr þeim turna og kubba og þar fram eftir götunum. Slíkt er eðlilegur hluti af þroska ungra barna og á að vera hluti af leikgleði skákarinnar innan skólans. Með tímanum lærir þeim svo að tengja taflmennina við mynstur skákborðsins sem slíks og að hver taflmaður hefur sína persónulega eiginleika - sumir kunna að hoppa á meðan aðrir kunna bara að fara á ská og enn aðrir bara að fara beint áfram en ekki aftur á bak. Svo lengi sem leik- og litagleði er haldið í öndvegi við skákkennslu hjá yngstu börnunum þá má sjá árangur eftir aðeins eitt ár á skilningi ungs barns á taflborðinu og eiginleikum taflmannanna. Slíkt er ómetanlegt veganesti upp á aukinn skákþroska á síðari stigum skólastarfs.

### **Kennsluefni á íslensku fyrir yngstu börnin**

Sárlega er þörf á góðu og aðgengilegu námsefni á íslensku fyrir yngstu skólabörnin. Ýmislegt er til sem m.a. er gerð grein fyrir í fylgiskjali D. En allir þeir sem að þessum málum vinna – hvort heldur eru skákþjálfarar sjálfir, grunnskólakennarar eða skólastjórnendur – eru sammála um að eitt brýnasta og mest aðkallandi verkefnið sem við blasi sé að vinna skemmtilegt, líflegt og skapandi námsefni fyrir yngstu börnin sem jafnframt gefi öllum áhugasömum

kennurum greiðan aðgang að virkri kennslu í skák, burtséð frá eigin getu á skákbörðinu.

Ýmiss konar skapandi námsefni fyrir ung börn er til erlendis. Huga verður að því að setja á laggirnar hóp sem nýtir allt það sem þegar er til hérlendis fyrir yngstu börnin, þýðir og yfirfærir það besta sem til er annars staðar yfir á íslensku og býr til skemmtilegt og skapandi námsefni og verkefni fyrir yngstu börnin. Mikilvægt er og að halda því til haga að til að verða góður kennari í skák hjá yngstu árgöngunum – og jafnvel þó nokkuð fram eftir aldri – þá þarf viðkomandi ekki að vera góður skákmaður heldur hafa auðveldan aðgang að góðu námsefni jafnt sem öðrum skákkennurum og skákmeisturum sem geta miðlað af reynslu.

Þá sýnir reynslan að jafningjafræðsla getur verið afar öflugt kennslutæki í skák þegar fram í sækir og kennarinn getur oft verið í hlutverki eins konar umsjónarmanns í stað þess að þurfa að vera skákmaður sjálfur. Um leið og búið er efla almennan og heilbrigðan liðsanda innan skólans – svo sem með bekkjarkeppnum, liðakeppnum og skólamótum – þá sýnir reynslan að jafningjar vilja kenna hver öðrum og deila þekkingu til allra annarra í liðinu til að efla von um sigur. Mýmargar góðar hugmyndir að mótum og keppnum er m.a. að finna í greinargerð nefndar um skák í skólum sem skilaði af sér árið 2007 – eins og sjá má í fylgiskjali E.

### **Námskeið, smiðjur, verkefnisstjórn og verkefnisstjóri**

Í könnuninni sem send var skólastjórenendum og fjallað var um í kafla III má sjá að 60% þeirra sem svara telja að skortur á þjálfun kennara og skortur á námsefni standi skákiðkun í skólum fyrir þrifum. Með því að tryggja að búið sé til heildstætt námsefni fyrir yngstu börnin til að læra skák er tekið á öðrum hluta þessa vanda. Hinn vandinn snýr að þjálfun, sjálfstrausti og svigrúmi hins almenna grunnskólakennara til þess að kenna nemendum sínum skák og taka að sér skákkennslu. Til þess að slíkt sé tryggt verður að koma á fót sérstökum námskeiðum fyrir kennara sem vilja kenna skák og tryggja öruggt tengslanet þeirra við sér reyndari skákkennara, skákþjálfara og aðra grunnskólakennara sem hafa reynslu af því að kenna skák. Æskilegt væri að koma upp kerfi þar sem haldnar séu smiðjur tvisvar til fjórum sinnum á skólaárinu þar sem kennarar fá tækifæri til að bera saman bækur sínar, læra hver af öðrum og fá frekari þjálfun í kennsluáðferðum í skák. Ljóst er að þeim skólum sem veljast til að taka þátt í tilraunaverkefninu verður að vera tryggð góð aðstaða og aðbúnaður til að innleiða skák í stundaskrána og alhliða aðstoð við að gera þetta að ánægjulegu ferli fyrir kennara jafnt sem nemendur.

Nefndin leggur til að sérstakur verkefnisstjóri verði ráðinn til að hafa yfirumsjón með öllum þáttum verkefnisins og hann verði jafnframt tengiliður sem kennarar og skólastjórnendur geta leitað til með um ráð og aðstoð. Gagnlegt gæti verið að hafa að baki slíkum verkefnisstjóra sérstaka verkefnisstjórn sem hefði einnig það hlutverk að veita ráðgjöf og liðsinni.

Hlutverk verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra:

- A. Að velja þá skóla sem rétt þykir að hefji tilraunaverkefni frá og með haustinu 2013 þar sem fram fari kerfisbundin og regluleg kennsla sem sá á stundaskrá viðkomandi árgangs; val á skólum getur ráðist eftir frekari

- eftirgrennslan hjá skólastjórnendum og kennurum þar sem hægt er m.a. að byggja á fyrirliggjandi könnun um áhuga skóla og aðbúnaði;
- B. Að láta útbúa heildstætt náms- og kennsluefni fyrir 1. bekk í skák;
  - C. Að skipuleggja námskeið fyrir væntanlega skákkennara innan skólanna með víðtækri aðkomu bæði skákþjálfara og grunnskólakennara sjálfra;
  - D. Að halda góðum tengslum við viðkomandi tilraunaskóla og veita þeim allt það liðsinni sem á þarf að halda hverju sinni;
  - E. Að standa fyrir tveimur til fjórum smiðjum yfir árið þar sem kennarar koma saman, bera saman bækur og fá aftur almennt liðsinni við skipulagningu kennslu;
  - F. Að byggja upp tengslanet kennara, skólastjórnenda og skákþjálfara í þeim skólum þar sem tilraunaverkefnið fer fram;
  - G. Að vera viðkomandi skólum innan handar við að byggja upp viðeigandi hvatningar-, æfinga- og mótakerfi innan skólans þannig að skákkennslan og iðkun nýtist sem best í skólastarfinu.
  - H. Að byggja upp skipulega greiningu og mat á því hvaða árangri innleiðing skákar er að ná í þeim skólum þar sem tilraunaverkefnið fer fram og greina hvað má betur fara til lengri tíma.

Eðlilegt er að verkefnisstjórn og verkefnisstjóri sé skipuð í nánu samráði við Skáksamband Íslands, Skákskóla Íslands og Skákakademíu Reykjavíkur. Mikilvægt er að fyrir liggi áætlun af hálfu stjórnvalda um að standa við tilraunaverkefnið í að minnsta kosti þrjú ár svo það haldi áfram frá 1.-3. bekk og að raunsonn reynsla liggi þannig fyrir.

### **Það er leikur að læra – skák er skemmtileg**

Lykillinn að því að nýta skákina með sem bestum og skilvirkustum hætti í skólastofunni er að halda tryggð við þá hugsun að nemendur eigi að leika sér. Ef haldið er tryggð við þá nálgun að skákin sé leikur í skólastofunni, og nemendum er leyft að njóta þess að tefla í stað þess að þurfa að kvíða illskiljanlegum verkefnum eða fá lágt á prófi, þá þjálfast sjálfkrafa best allir þeir þættir sem skákin styrkir. Öll þessi þjálfunatriði eiga að koma í gegnum þá leikgleði sem skákin kallar fram hjá börnum og unglingum. Heilbrigður sigurveili, baráttuþrek og metnaður sem einnig skapast sjálfkrafa þegar komið er á fót sérstökum bekkjakeppnum, árgangakeppnum og skólamótum innan einstakra skóla og á milli þeirra ýtir svo enn frekar undir hið eiginlega nám sem skákin færir. Þegar lærdómsfýsnin og hvatinn til að nema kemur innan frá hjá nemendum er björninn unnin. Þá nýtist skákin undravel sem öflugt tæki til frekari mennta. Almennt er því jákvætt að leyfa nemendum að tefla sem mest inn á milli ólíkra kennslustunda eða sem uppbyggilega stund frá öðrum verkefnum. Um leið getur skólinn byggt upp gagnlegt hvatningarkerfi sem elur á heilbrigðri löngun til að læra meira og gera betur. Með því að halda regluleg skákmót bæði innan bekkjar, á milli bekkja og í skólanum í heild er hægt að tryggja að nemendur séu líka hvattir til að standa sig sem best, ekki bara sem einstaklingar heldur einnig sem hluti af hóp. Keppnissskap er þannig nýtt til að hvetja til enn frekari ástundunar.

Nefndin telur engum vafa undirorpið hversu öflugt tæki innleiðing skákkennslu og skákiðkunar getur reynst til uppbyggingar öflugra skólakerfi á Íslandi. Það er von nefndarinnar að hið allra fyrsta verði skipuð verkefnisstjórn og verkefnis-

stjóri og eyrnamerkt fjármagn til verkefnisins svo hægt sé að hrinda þessu framfaramáli í framkvæmd.

## **Fylgiskjal A: The Benefits of Chess in Education**

Sjá hjálagt rit.

## Fylgiskjal B: Umsagnir um skákkennslu í grunnskólum

Í þessu skjali má finna umsagnir frá foreldrum, kennurum og skólastjórnendum um áhrif skákiðkunar á grunnskólanemendum. Umsögnunum var safnað saman í tilefni af vinnu starfshóps á vegum menntamálaráðuneytisins. Umsögnunum var að mestu safnað í janúar og febrúar 2013 en einnig má finna nokkrar eldri umsagnir.

### Skólastjórnendur

Björgvin Þór Þórhallsson Klébergsskóla Reykjavík.

Sverrir Gestsson Fellaskóla á Héraði.

Porkell Daníel Jónsson Selásskóla Reykjavík.

Björn Pétursson Melaskóla Reykjavík.

Hafsteinn Karlsson Salaskóla Kópavogi.

Helgi Árnason Rimaskóla Reykjavík.

### Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóri Klébergsskóla

Lengi hefur verið áhugi á því innan Klébergsskóla á Kjalarnesi að gera veg skákiðkunar sem mestan í skólastarfinu og koma á formlegri skákkennslu. Það fór aldrei almennilega af stað fyrr en samið var við Skákakademíu Reykjavíkur vorið 2012 en þá hófst skákkennsla í einum bekk á yngsta stigi. Frá og með haustinu 2012 hafa fjórir árgangar fengið formlega kennslu í skák. Það er trú okkar, án þess að við höfum fyrir því staðfestar niðurstöður rannsókna, að skákiðkun þjálfri rökhugsun, sjálfsaga og einbeitingu. Þess utan er skákkennslan kærkomin viðbót við námsgreinar skólans og eykur mjög fjölbreytni. Loks gefur þessi viðbót ærin tilefni til að brjóta upp skólastarfið og auka fjölbreytni í félagsstarfinu með þátttöku í skákmótum, bæði innan skóla og utan.

Aðkoma sérfræðinga á þessu sviði, líkt og starfsmanna Skákakademíunnar, tryggir mikil gæði og gerir skólanum auðveldar fyrir að festa skákiðkunina í sessi enda enginn skortur á ráðgjöf og aðstoð, s.s. við skipulagningu skákmóta.

## **Sverrir Gestsson, skólustjóri, Fellabæ**

Undirritaður hefur starfað sem skólustjóri (og kennari þar á undan) í um 25 ár í Fellaskóla í Fellabæ og hafa að jafnaði verið um 100 nemendur í skólanum, sem er blanda af þéttbýlis- og dreifbýlisskóla.

Á þessum árum finnst mér hafa fjarað jafnt og þétt undan almennri umfjöllun um skák í fjölmiðlum og samfélaginu almennt. Það hefur að mínu áliti í aðalatriðum haldist í hendur við dalandi gengi íslenskra skákmanna í fremstu röð og þeirrar staðreyndar að með tilkomu netsins hefur umfjöllun um skák færst yfir til þeirra hópa á netinu sem á annað borð hafa áhuga á skák. Þannig er auðvelt fyrir þann sem á annað borð hefur áhuga á skák að verða sér úti um námsefni, æfingar, skákfélaga og yfirleitt allt sem snýr að skák á netinu. Þriðji þátturinn sem mig langar til að nefna er að engin „alvöru“ heimsmeistaraeinvígi fóru fram meðan skákmenn á alþjóðavettvangi voru klofnir í fylkingar.

Á þessum sama tíma hefur verið lögð sívaxandi áhersla á skákkenndu, jafnt innan sem utan skólakerfisins. Í Fellaskóla hefur skákáhugi einnig gengið í bylgjum og er stundum nokkuð mikill en þarf einnig oft að láta í minni pokann fyrir öðrum áhugamálum eins og tónlist, íþróttum og borðtennis svo eitthvað sé nefnt. Nánast allir nemendur skólans kunna mannganginn, sumir eru komnir heldur lengra og farnir að tefla út frá eigin rökhyggju en engir búa yfir þekkingu á byrjunum, miðtafli eða endatöflum svo dæmi séu tekin og sjaldnast er teflt með skákklukkum. Skák“kenndu“ er ekki í gangi í eiginlegri merkingu en undirritaður býður öllum kennurum skólans að koma í heimsókn í bekkina og „kenna“ skák, það er að segja styrkja kunnáttu nemenda í mannganginum og reyna að efla áhuga þeirra á að hafa ánægju af því að tefla. Einnig hef ég af og til haldið uppi skákæfingum fyrir nemendur í grunnskólum Fljótsdalshéraðs. Heimsóknir skákmanna af suðvesturhorninu hafa verið kærkomnar til að hrista upp í skákinni og vekja athygli á henni. Fjöltefli þeirra og innlegg í kennslustundum er mikilvægt, sem og sá möguleiki að safna saman áhugasömum krökkum af stærra svæði og halda námskeið fyrir þau.

Á síðustu árum hafa vangaveltur um það hvort taka beri skák upp sem kennslugrein í grunnskólum aukist. Að sjálfsögðu finnst öllum skákáhugamönnum það hið besta mál, þótt unnendum annarra lista og íþróttagreina vilji fremur tefla fram gildi sinna greina. Afstaða mín til þessarar spurningar er í stuttu máli þessi. Ég tel að skák sé

ákaflega heppilegt viðfangsefni fyrir unga sem aldna og þeir kostir sem eftirsóknarverðastir eru að mínu áliti eru þessir:

- 1) Skák er leikur/íþrótt/list sem reynir á rökhugsun en ekki síður ímyndunarafli.
- 2) Það er ódýrt að stunda skák og hún er spennandi leikur/keppni.
- 3) Hávaði og læti eiga ekki við þar sem skák er stunduð og hún reynir á aga og sjálfsaga þeirra sem hana stunda.
- 4) Það skiptir miklu máli að skák er komin til að vera. Hún er þannig úr garði gerð að hún mun væntanlega höfða til ákveðins hóps fólks um ókomna tíð meðan mikið af annarri afþreyingu kemur og fer.
- 5) Skák er þess eðlis að þótt líkamlegt atgervi sé ekki til staðar getur þú blómstrað í skák. Á efri árum er hægt að stunda skák af krafti þótt möguleikar þínum á mörgum öðrum sviðum fari dvínandi.

Ég vek athygli á því að þótt ég sé hlynntur skák og skákkennslu í grunnskólum, þá tel ég að það skipti ekki endilega sköpum hvort skákin verði fyrir valinu eða að skólar hafi svigrúm til að velja þá grein sem þægilegast er að rækta á hverjum stað. Þetta skiptir kannski ekki máli á höfuðborgarsvæðinu og fjölmennustu þéttbýlisstöðunum hvor leiðin verður fyrir valinu, því þar er meiri sérhæfing til staðar. Þetta skiptir hins vegar máli í dreifbýlinu, þar sem skákkennarar eru ekki á hverju strái. Tvær leiðir eru til að bæta úr því. Annars vegar að fá „sérfræðinga að sunnan“ til að vera með námskeiðahald á einhverju formi. Hin leiðin felst að sjálfsögðu í því að rækta upp skákkennara sem hafa jafna reynslu af því að tefla sjálfir og miðla reynslu sinni til nemenda, það er að segja kunna að kenna skák. Það er að mínu viti eina raunhæfa leiðin ef það á vera markmið að kenna skák af fullri alvöru í grunnskólum landsins. Ég sé fyrir mér að hægt verði að rækta upp skákkennara í dreifbýlinu sem hefðu það að starfi að fara á milli hæfilegra margra og fjölmennra skóla og kenna skák í fullu starfi. Auðvitað er einnig möguleiki á að almennir kennarar sækji sér námskeið til að kenna skák en ég held að sú leið sé ekki jafn farsæl, því það skiptir máli að sá sem leiðbeini kunni dálítið fyrir sér í skák. Hitt er annað mál að eftirfylgnin gæti verið í höndum almennra kennara sem hefðu frekar það hlutverk að sjá til þess að nemendur hefðu tækifæri til þess að tefla reglulega.

Að lokum langar mig til að benda á að framundan er kjörið tækifæri fyrir skákhreyfinguna til að koma skákinni aftur á landakort almennings. Fyrir dyrum stendur áskorendamótið í London og sigurvegarinn þar (sem vonandi verður Magnus Carlsen!) teflir síðan við Anand ríkjandi heimsmeistara. Vonandi verður það til að



endurvekja þá stemningu sem ríkti í kringum heimsmeistaraeinvígin forðum daga, því sú umfjöllun og umræða myndi ekki aðeins skila sér í auknum áhuga almennings heldur einnig beint til íslenskra grunnskólanemenda!

Gens Una Sumus!

### **Porkell Daníel Jónsson, aðstoðarskólastjóri Selásskóla**

Eins og þú þekkir hefur verið skákkennsla hér í skólanum undanfarin þrjú ár. Ég hef ekki komið að kennslunni sjálfur.

Það er velvilji gagnvart skákkennslunni hér í skólanum bæði hjá kennurum, foreldrum og nemendum. Var spurður í upphafi árs af foreldrum hvort hún yrði ekki örugglega áfram.

Skákiðkunin er að mínu viti kærkomið uppbrot í skólalag nemenda og eykur fjölbreytni í námi þeirra. Ég tel að iðkunin sé nemendum til gagns að því leyti að skákin þjálfar tegund hugsunar sem þrautalausnir skóla gera ekki endilega. Einhvers konar blanda af rökhugsun og innsæi. Einnig þykir mér vera svo skýrt í skákinni að sá lærir sem leikur. Þ.e. þau sjá mjög fljótt að sá sem sigrar er sá sem er duglegur að æfa sig.

### **Björn Pétursson, skólastjóri Melaskóla**

Skákakademía Reykjavíkur hefur á yfirstandandi skólaári og því síðasta verið með skákkennslu vikulega hér í Melaskóla.

Skemmst er frá því að segja að hún hefur heppnast mjög vel og mjög mikill áhugi hefur vaknað hjá stórum hópi nemenda skólans á öllum aldri (1.-7. bekkur) á skáklistinni. Á það við bæði kynin. Það eru ekki bara nemendur sem hafa tekið kennslunni fagnandi heldur einnig kennarar og undirritaður skólastjóri, sem reyndar hefur mikinn áhuga á að geta sett skákkennslu fast á stundaskrá í öllum árgöngum.

Kennslan hefur orðið til þess að Melaskóli hefur sent tvær til þrjár sveitir á skákmót undanfarin tvö ár og náð góðum árangri.

Auk þess að vera skemmtileg íþrótt er ég þess fullviss að skákin þjálfar huga barnanna og þroskar og stuðlar að andlegum- og líkamlegum aga.

### **Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla**

Skák hefur verið iðkuð af kappi í Salaskóla um árabíl. Strax á fyrsta starfsári skólans, árið 2001, var skákborðum komið fyrir víðsvegar um skólann, bæði í kennslustofum

og á göngum og nemendur hvattir til að tefla í skólanum. Einn af kennurum skólans, Margrét Sveinsdóttir, sýndi skákinni sérstakan áhuga, hvatti nemendur til að tefla og leiðbeindi þeim. Töfl stóðu öllum til boða og hægt var að setjast við skákborðið bæði í kennslustundum og í frítíma. Margir hinna ungu nemenda skólans sýndu þá þegar mikinn áhuga og færni í skákinni. Þá strax komu fram miklir hæfileikar hjá nemendum sem síðar hafa náð miklum árangri. Einn nemandi í 2. bekk og sat t.d. löngum stundum við skákborð á gangi skólans og bauð bæði gestum og gangandi að tefla við sig. Foreldrar sem áttu leið í skólann fengu t.d. að spreyta sig á að tefla við hann og máttu margir þola ósigur fyrir þessu unga pilti.

Á öðru starfsári skólans réðst Tómas Rasmus að skólanum og hefur hann sinnt skákþjálfun nemenda og skáklífi skólans upp frá því. Allir nemendur lærðu mannganginn og fengu kennslu í skák í smiðjum og auk þess voru tvær skákæfingar á viku eftir skóla. Skákmót voru sett upp í skólanum og skólinn tók þátt í skólaskákmótum. Innanskólaskákmótin hafa alla tíð verið afar fjölmenn og á fyrsta mótinu árið 2003 kepptu t.d. 70 af 160 nemendum skólans á mótinu. Það hlutfall hefur haldið í gegnum tíðina.

Fljótlega fór Salaskóli að láta til sín taka á skákmótum. Fyrst á Kópavogsmótinu í skólaskák árið 2003 og á Íslandsmeistaramótum fór að bera á skólanum bæði fyrir góðan árangur og einnig fyrir hversu margar sveitir skólinn sendi til keppni. Skólinn skipaði sér fljótlega í fremstu röð með öflugum skákskólum eins og Rimaskóla, Laugalækjarskóla og Barnaskóla Vestmannaeyja. Árið 2006 varð skólinn Íslandsmeistari barnaskólasveita og tók þátt í Norðurlandamóti sem haldið var í Danmörku. Árið 2007 sendi skólinn sveit í heimsmeistaramót í skólaskák í Búlgaríu. Það varð góð ferð því sveitin hreppti heimsmeistaratitil. Í kjölfarið fór sveitin til Namibíu og Grænlands til að kynna skák og tefla við þarlenda skólakrakka.

Árið 2009 hreppti Salaskóli Íslandsmeistaratitil grunnskóla. Sveitin hélt til Stokkhólms og tók þátt í Norðurlandamóti grunnskóla í skák. Sveitin vann mótið með yfirburðum og fagnaði Norðurlandameistaratitli. Sigurganga skólans hélt áfram á vormánuðum 2010 en þá varði skáksveit hans Íslandsmeistaratitilinn.

Í Salaskóla er lögð áhersla á fjölbreytt skólastarf. Skákin er mikilvægur liður í fjölbreytninni og gefur fleiri nemendum tækifæri til að blómstra og njóta sín. Mörg hundruð börn og unglingar hafa mætt á æfingar og teflt á skákmótum í skólanum á þeim níu árum sem skólinn hefur starfað. Öflugustu skákmenn skólans eru í fremstu röð íslenskra skákanna. Má þar nefna Patrek Maron Magnússon, Jóhönnu Björgu

Jóhannsdóttur, Pál Andrason, Eirík Örn Brynjarsson, Guðmund Kristin Lee, Birki Karl Sigurðsson, Hildi Berglindi Jóhannsdóttur og Hilmi Frey Heimisson.

Tómas Rasmus kennari hefur borið skákstarfið uppi og á að öðrum ólöstuðum mestan heiður á góðu gengi Salaskóla í skák. Aðrir sem einkum hafa komið að þjálfun er Smári Rafn Teitsson, Sigurlaug Friðþjófsdóttir, Hrannar Baldursson og Guðlaug Björk Eiríksdóttir.

### **Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla**

Allt frá stofnun Rimaskóla árið 1993 hefur verið lögð rækt við skákkennslu og skákiðkun. Fyrstu árin fólst kennslan í þátttöku á tómstundanámskeiðum sem skólinn bauð uppá í samstarfi við ÍTR. Frá árinu 2008 hefur Skákakademía Reykjavíkur séð um skákkennsluna í Rimaskóla og Skákaskóli Íslands haldið námskeið fyrir þá nemendur sem vilja æfa skák. Útskrifaðir nemendur og fyrrum afreksskákmennt skólans hafa einnig komið að þjálfun skákliða skólans og sérstökum skákæfingum fyrir stúlkur.

Skák er á stundaskrá í hringekjuformi í 4. og 5. bekk Rimaskóla. Eining er boðið upp á einstaka námskeiðstíma í 1. og 2. bekk. Markmið skólans er að allir nemendur skólans læri mannganginn í skák og geti teft sér til ánægju.

Undirritaður hefur alltaf verið sannfærður um að skák og skólastarf eigi mjög vel saman, rökhugsunin hjálpi og auðveldi skilning nemenda á öðrum og ólíkum sviðum námsins. Hvort sem það eru foreldrar, samstarfsfólk eða pólitíkusar bera allir mikla virðingu fyrir skákinni og auðvelt er að sannfæra fólk um að skák og skóli eigi saman. Nemendur sem hafa átt erfitt með einbeitingu og ekki notið sín í námi, hafa fundið sig við skákborðið, bæði náð þar árangri og ekki síður haft ánægju af því að tefla. Þessir nemendur verða hinir meðfærilegustu á skákæfingum eða kennslustundum í skák og taka framförum. Þeir njóta þess að eiga áhugamál þar sem þeir eru jafningjar annarra. Það fylgir skák agi, skýrar reglur og það þarf að vera hljóð, þar sem teflt er hverju sinni. Þegar krakkar finna tilganginn og ánægjuna við skákiðkun þarf nánast aldrei að sussa á þá, það verður bara ósjálfrátt hljóð. Það er yndislegt í heimi hraða og hávaða að kynnast þögninni, þar sem þó er næg spennan til staðar við skákborðið, en eftir henni sækjast krakkar í öllum leik. Nemendur vita til hvers er ætlast til af þeim við skákborðið og þau vita líka nákvæmlega hvað þau þurfa að leggja á sig til að ná árangri. Æfingin skapar meistaran. Hvergi á það eins vel við eins og í skákíþróttinni.

Það þarf að halda vel utan um skákstarf, því um er að ræða jaðaríþrótt sem hægt er að ná árangri í en auðveldara að missa niður.

Rimaskóli hlaut þróunarstyrk Menntaráðs Reykjavíkur skólaárið 2011 - 2012 til að halda námskeið fyrir nemendur og foreldra í 1. og 2. bekk. Rimaskóli hlaut hvatningarverðlaun menntaráðs Reykjavíkur fyrir skákstarfið í skólanum árið 2005 en hvatningarverðlaun eru veitt þeim skólum sem eru fyrirmynd annarra skóla í þróunar- og nýbreytnistarfi.

## **Kennarar**

Sigurður Ægisson, Siglufirði

Björgvin S. Guðmundsson Hellu

Inga Rósa Ívarsdóttir, Lágafellsskóla

Sigríður Halldórsdóttir, Lágafellsskóla

Reynir Hjartarson, Hlíðaskóla Akureyri

Tómas Rasmus, Salaskóla Kópavogi

Frá kennururum, Álfhólsskóla Kópavogi

Lenka Ptacnikova, skákþjálfari, Snælandsskóla og víðar

### **Sigurður Ægissonon, sóknarprestur, skákkennari í grunnskóla Fjallabyggðar**

Ég hef verið með skákkennslu í 1.-10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar, ýmist í vali eða öðru, og áhugi nemenda hefur verið mikill. Þetta hefur brotið upp hefðbundna kennslu, verið þannig eins og hálfgerð frí, en um leið gefið nemendum kost á að spreyta sig á nýjum vettvangi, þar sem er krafist aga, rökhugsunar, sálarrósemi, einbeitingar, fyrirhyggju og skipulagningar. Allt hlýtur það að vera af hinu góða og mun vafalaust skila sér áfram inn í aðra kennslu.

Sjálfur forðast ég að tala um "að drepa" mennina á borðinu, segi frekar "að taka" eða "fangelsa" og það hefur gengið nokkuð vel að agitera fyrir því. Mér finnst við þurfa eitthvert slíkt orð, kannski eitthvað nýtt, til að koma í veg fyrir hitt; það er reyndar afar mikilvægt.

Að öðru leyti sé ég ekkert neikvætt við þetta, heldur endalaust tækifæri fyrir jákvæða hluti.

### **Björgvin S. Guðmundsson, kennari á Hellu**

Hér á Hellu fá allir nemendur á miðstigi tvo tíma í viku í samtals 6 vikur. Á þessum stutta tíma hafa margir nemendur komist upp á lagið með að tefla sért til ánægju. Einnig höfum við haft opinn tíma eftir skóla einu sinni í viku. Góð mæting hefur verið í þessa opnu tíma 15-25 krakkar að meðaltali.

Ef vel ætti að vera þyrfti ég að geta sinnt þeim sem eru lengra komnir mun betur, þyrfti að hafa sér tíma fyrir þá einstaklinga.

Fyrst ber það að nefna að þeir krakkar sem ná bestum árangri hjá mér eru einbeittari við skákina en aðrir krakkar. Með einbeitingu sinni verða allar aðgerðir þeirra við

skákborðið markvissari og skila þar með betri árangri. Það má spyrja sig hvers vegna sumir krakkar ná að einbeita sér betur en aðrir. Vafalaust hefur þetta eitthvað með upplag að gera en fleira kemur til.

Ég hef trú á því að skákiðkun geti þjálfað upp einbeitingu og rökhugsun. Leið skáklistarinnar að huga barnsins er fyrir mér eftirfarandi. Krakkar sem komast upp á lag með að tefla finnast það skemmtilegt. Það er mikið auðveldara að taka þátt og einbeita sér af einhverju sem er skemmtilegt. Skákin er ekki bara skemmtileg heldur vekur hún líka upp hjá þeim, sem tefla, ákveðinn baráttuanda. Þér er ekki sama hvernig skákin fer, þú villt vinna en ekki tapa. Þessi barátta á skákborðinu vekur upp hjá iðkendum enn meiri einbeitingu. Það er þessi blanda sem þjálfar hugann svo vel þ.e. skemmtunin við að tefla, einbeitingin og baráttan.

Skákin hefur sínar leikreglur. Sá sem tekur þátt í skák veður að læra að virða þær leikreglur. Í skákinni læra nemendur líka bæði að vinna og að taka tapi, sem er ekki alltaf auðvelt.

Það sem mínir nemendur eru m.a. að læra núna er að það sem þau leika hefur afleiðingar. Bæði umbun og refsing koma strax fram við skákborðið, góðir og slæmir leikir hafa afleiðingar. Hægt og sígandi eru nemendur að læra að það borgar sig ekki að vera of fljótfær, betra er að ígrunda stöðuna nánar og leika eftir það.

Einnig vil ég nefna það sérstaklega að krakkar af erlendum uppruna hafa mætt í skákina og er gaman að sjá hvað þau njóta sín þar þrátt fyrir takmarkaða íslensku kunnáttu. Allir eru jafnir við skákborðið og má segja að skákin eigi sitt eigið tungumál sem allir geta lært og skilið.

### **Inga Rósa Ívarsdóttir, Lágafellsskóla**

Hér í skólanum hefur skák verið námsgrein innan skólanámskrár síðan 2009. Til að byrja með vorum við aðeins með einn árgang sem fékk skákkennslu en skólaárið 2012 - 2013 fá fjórir árgangar skákkennslu og áhrifin maður minn, þau eru mjög góð. Við settum töfl fram á ganga skólans sl. haust og í framhaldi af því það ég alla umsjónarkennara að brýna það fyrir nemendum sínum að ganga vel um töflin. Skólabragurinn hefur breyst frá því hafa ekkert að gera á göngum skólans (með tilheyrandi hávaða) til dagsins í dag að nemendur tefla og fjöldinn allur af félögum horfir á. Skákin hefur þau áhrif að hávaðinn verður minni, þau taka tillit til þeirra sem eru að tefla og öllum líður betur.

Skák er kennd í hópum hér í skólanum og fær hver hópur er c.a. 3 kennslustundir á viku í 10 vikur. Hvað varðar 1. og 2. bekk þá finnst mér vera mikill þroskamunur á þessum árgöngum. 1. bekkur þarf svona að fara í gegnum þetta með leikinn í huga og mörg hver skilja eða geta ekki hugsað einhverja leiki fram í tímann. Kennslan í þessum árgangi er svona æfingar hvernig á að tefla (manngangurinn).

Hvernig maður hagar sér við taflborðið getur maður auðveldlega speglað út í samskiptin almennt og það er ég að gera í öllum árgöngum. Ef upp koma hegðunarvandamál þar sem einn nemandi hefur t.a.m. sparkað í annan nota ég hiklaust skákkunnáttu þeirra og spyr hvort þau verði ekki að hugsa áður en þau tefla næsta leik, jú segja flest, það sama gildir í samskiptum hugsa áður en þú framkvæmir.

2. bekkur er eins og áður sagði tilbúnari til að læra skák og drekkur allt í sig eins og svampur. Bæði 1. og 2. bekkur læra að nota Hnitakerfið (kennt í 3. bekk) þegar þau útskýra þá leiki sem þau hafa leikið og líka þegar það er innlögn. Kennarar hafa komið að máli við mig og talað um hvað það mikill munur á þeim sem fá skákkennslu hvað þau eru fljót að tileinka sér hnitakerfið (oft bras að kenna þeim hnitakerfið)

Eldri nemendur sem ég kenni eru flest áhugasöm um skákkennsluna og sækjast í að tefla við yngri nemendur skólans við þetta myndast jákvæð samskipti milli yngri og eldri nemenda skólans. Þau grípa í tafl í skólanum t.d. þegar kennsla fellur niður og miklar umræður skapast um ákv. leiki

Skákin nær einhvern veginn tök á þeim nemendum sem eiga við hegðunarvandamál að etja (t.d. þau sem eru með greiningar AD/HD) og hvað varðar þennan hóp þá ég hef náð betur til þeirra nemenda í gegnum skákina en námsbækurnar. Þessi sami hópur er oft utanveltu í félagavali í skólanum, fáir félagar og lítið um vini. Í skákinni upplifa mörg þessara barna nýja tíma, allir eru jafnir og allir tefla við alla. Stundum eru þau með lista yfir þá sem vilja tefla við þau ☺ Sjálfsmýndin styrkist og félagsþroskinn eykst.

Hvað varðar aukna lestrarkunnáttu er ég þess fullviss að skákkennslan kennir þeim einbeitingu sem skilar sér í lengri tíma við lestur.

### **Sigríður Halldórsdóttir, Lágafellsskóla**

Ég er mjög ánægð með að skákkennsla byrjar í 1. bekk. Frá því í haust hefur áhugi barnanna á skák sífellt aukist og þá sérstaklega meðal drengjanna. Á morgnana þegar ég kem inn í stofuna eru alltaf hópur að tefla og gaman að heyra þá tala um hinar og þessar tegundir af skákum, hrókeringum og ég veit ekki hvað. Að mínu mati er þetta

frábært framtak að bjóða upp á skákkennslu fyrir börn í 1. bekk og gaman að hlusta á börnin ræða um hvaða skref skuli taka næst til að skáka.

### **Lára Torfadóttir, Lágafellsskóla**

Ég kann ekkert að segja hvort ég finni einhvern mun. Mér finnst bara svo æðislegt hvað þessi litlu eru áhugasöm og dugleg að tefla. Það eru alltaf lágmark 6 sem velja sér að tefla þegar það er val og oft spurt hvort megi tefla þess á milli. Ég er alveg viss um að þetta hjálpar þar sem ég hef lesið það og heyrt. En þetta er bara svo góð iðja og gaman að fylgjast með þeim ræða málin og það eru alltaf einhverjir áhorfendur sem hafa brennandi áhuga líka. Oft miklar umræður sem fara fram og samvinna.

Lára Torfadóttir umsjónarkennari

### **Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir, Lágafellsskóla**

Mér finnst frábært að nemendum í Lágafellsskóla sé boðið upp á skákkennslu, mér finnst skákkennslan hafa hjálpað nemendum okkar í þjálfun einbeitingar og sjálfssaga. Ég hef horft á nemendur blómstra í skákkennslu þegar þau eiga í erfiðleikum annars staðar sem hefur haft í för með sér að þeir hafa öðlast meiri trú á sjálfum sér.

Einnig finnst mér gaman að sjá krakkana sem hafa fengið skákkennslu sitja og tefla í frímínútum og það skapar skemmtilegt andrúmsloft í skólanum. Bætir samskipti meðal nemendanna.

Kennarinn hefur haft mjög góð áhrif á nemendur og hvetur þá áfram og það hefur góð áhrif á árganginn í heild sinni. Kennarinn er mjög skipulagður og gerir þá list að læra að tefla skemmtilega og eflir áhuga hjá nemendum.

### **Reynir Hjartarson, Hlíðarskóla**

Hlíðarskóli er sérskóli á Akureyri fyrir börn sem hafa ekki þrífist í venjulegum grunnskóla og eiga ekki möguleika þar, öll með hegðunarvanda og nánast allar hamlanir s.s. lesblindu, ADHD og annað í þeim dúr. Þetta eru 20 krakkar og sum eru hér árum saman. Við byrjuðum í fyrra að vera með skák sem valgrein 2-3 sinnum í viku og er skemmst frá að segja að skákin svínvirkar á þau, þau ná ró og þjálfu athygli og átta sig á að skákin þarf að vinnast í ró og friði.

Þetta eru ekki börn sem nokkur hefði trúað að gætu setið kyrr í hálfan eða einn tíma og hugsað sig um yfir skákbörði og það er alltaf fullt af nemendum sem velja skákina og sum hafa gefið þá skýringu að það er svo friðsælt þar og maður verður svo öruggur



með sig, þannig að hér er teflt flesta daga en auðvitað eru hæfileikarnir mismiklir og fara eftir þroskastigi þeirra en fyrst og fremst veitir þetta þeim vellíðan sem skiptir mestu. Fannst tilvalið að senda þér þessa línu eftir að bréfið um skákdaginn kom.

### **Tómas Rasmus, Salaskóla**

Við höfum verið dugleg við að dreifa skáksettum út í skólastofurnar. Stundum höfum við getað sinnt þeim yngstu með því að setja upp einskonar hringekjur eða náms - smiðjur þar sem þau hafa fengið beina fræðslu. Það er draumastaðan að hægt sé að kynna skákina fyrir þeim mjög snemma og ná þannig utanum um hópinn sem hefur hæfileika og áhuga. En til þess þurfum við starfskraft sem þekkir nógu vel til og hefur nægilegt sjálfstraust til að kenna fagið. Einnig skiptir þá máli að hafa heppilegt násmefni.

#### *Skipulag skákmóta*

Til að auka og til að breiða út skákáhuga og þekkingu notum við sérstakt skipulag á skákmótum. Við byrjum haustið alltaf á sveitakeppni milli bekkja. Höldum þessa keppni í þremur undarásum í þremur aldurshólfum.

1..4 bekkur.

5..7 bekkur.

8..10 bekkur.

Krakkarnir fá sept. og október mánuði til að æfa sig í bekkjunum og til að stilla upp keppnisliðum. Sumir bekkir halda bekkjamót aðrir ekki. Allt eftir aðstæðum og metnaði viðkomandi umsjónarkennara. En með því að óska eftir keppnisliði úr hverjum bekk þá myndast heilbrigð samkeppni innan bekkjar og þeir sem meira kunna fara að segja hinum til, með það í huga að auka möguleika bekkjarins til að ná sigri.

Hver bekkur má senda eins mörg lið og óskað er eftir.

Úrslitin úr bekkjamótinu eru síðan keyrð í þremur skömmtum í lok nóv og fram í des.

Nú 2012 var þátttakan þannig

1..4 bekkur 18 lið ca. 54 til 60 manns.

5..7 bekkur 14 lið ca. 42 til 50 manns.

8..10 bekkur 14 lið ca 42 til 50 manns.

Allt í allt um 150 börn sem tóku þátt af þeim 450 sem eru í skólanum eða um 33%

Í byrjun janúar hvert ár hefjum við síðan leitina að sterkustu krökkunum í skákinni með einstaklingsmótum. Þau eru skipulögð líkt og sveitakeppnin í þremur aldurshólfum.

Það er mikilvægt að hafa unglinga sér því þá fást þeir til að vera með lausir við þá tilhugsun að lenda á móti einhverjum 8 ára ofurkrakka sem rúllar þeim upp. Það hefur skapast góð hefð fyrir þessu og fjöldinn er mjög svipaður og í liðakeppninni.

#### Keppnislið Salaskóla

Við höfum síðan gefið út að til að komast í keppnislið Salaskóla þá metum við fyrst alþjóðleg skákstig síðan íslensk skákstig og að lokum sérstök Salaskólastig sem krakkarnir safna með því að mæta á æfingar í Salaskóla og mót sem haldin eru innan skólans.

#### *Samstarf við Skákskóla Íslands og Skákakademíu Kópavogs*

Frá 2008 höfum við verið í reglulegu samstarfi við Skákskóla Íslands og í byrjun fengum við stórmeistara í heimsókn í hverri viku. Þá var valið úr þeim hópi sem sýnt hafði mestan áhuga og getu ca. 12 til 16 manna hópur nemenda ( elítan ). Þessir nemendur fegnu síðan dýpri speki frá stórmeistara þannig að þeir tóku heljarstökk í framförum.

Nú stendur krökkum til boða margs kyns íþróttastarf og tólmstundir aðrar en skák. Hópprýstingurinn er oft ansi mikill og margir keppnismenn velja jafnvel fótbolta, fimleika, golf eða eitthvað allt annað en skákina. Ég hef jafnan prédikað fyrir krökkunum að það sé mikilvægt að halda líkamanum í góðu lagi, en þá megi ekki gleyma litlu gráu sellunum í heilanum, þær þurfi að þjálfa líka. Þá sé skákin mjög sniðugur vettvangur við hliðina á hefðbundnum íþróttum.

Skákskólinn undir forystu Helga Ólafssonar er mjög nauðsynlegur til að gefa þessu fagi aukna dýpt. Þá dýpt fáum við aðeins með því að getuskipta hópnum og bjóða þeim upp á meiri kröfur. Það er ekki hægt að ætlast til þess að venjulegur grunnskólakennari nái upp á það plan. En skákskólinn hefur unnið sitt starf til mikillar fyrirmyndar.

#### *Árangur af skákstarfi*

Það hafa ekki verið gerðar neinar formlegar athuganir á þeim árangri sem við höfum náð með skákstarfnum. En vissulega væri mikilvægt að skipuleggja rannsókn á gagnsemi þess að þjálfa börn við skákiðkun og bera saman árangur þeirra sem stunda

skák við árangur þeirra sem það gera ekki. Veit ég að Sænska menntamálaráðuneytið í samstarfi við skáksamband Svíþjóðar hefur sinnt slíkum rannsóknum. Þeir hafa dreift gögnum í skóla skólum að kostnaðarlausu (handbók kennarans Schack-lederens handbok sjá [www.qualitychessbooks.com](http://www.qualitychessbooks.com) og ódýrum einföldum skáksettum).

Ég er sannfærður um ágæti þess kenna börnum skák og hef haldið taflemennsku að börnum í yfir 30 ár. Markmið okkar í skólanum eru að höfða til sem fjölbreyttastra hæfileika hjá nemendum og hjálpa þeim við að finna sína styrkleika. Nokkrir krakkar yfirgefa grunnskólann uppréttir og keikir vegna þess að þeir náðu góðum árangri á einhverju sviði. Enginn getur allt en allir geta eitthvað sbr. Fjölgreindakenningu Gardners.

Nemendur eru mjög ólíkir, sumir eru vinnusamir og fara alltaf eftir fyrirmælum, þeir verða eflaust eftirsóttir starfsmenn þegar út í atvinnulífið er komið.

Aðrir eru svolítið hrukkóttari í hegðun og gengur illa að standast alltaf þau fyrirmæli sem þeim eru sett. Stundum vantar getu og hæfileika til þess, stundum höfðar námsefni alls ekki til viðkomandi og þau sjá ekki nokkurn einasta tilgang með þessu brólti.

Enn aðrir eru stríðsmenn í eðli sínu, sífellt að ögra umhverfinu þá hentar skákin mjög vel í að temja þá til agaðri hegðunar. Ég þekki nokkur dæmi þess að fá í hendur óþekktarorm sem virðist nokkuð skýr í kollinum en gengur illa að feta þær leiðir sem skólinn ætlar viðkomandi. Nokkrir slíkir hafa dottið í skákina og fengið útrás fyrir keppnisþörf og þörfina fyrir ögrandi verkefni. Þeir hafa síðan getað yfirfært þá vissu sína að þeir séu færir um að leysa flókin verkefni yfir á hefðbundið nám.

### **Ingilaug Erlingsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir og Þórlaug Arnsteinsdóttir, kennarar í Álfhólsskóla**

Í vetur kom Lenka í fimm vikur og kenndi öðrum bekk skák tvær kennslustundir á viku. Fyrst var innlöggn með vinnuheftum og útskýringar á stóru talfborði. Hver nemandi fékk sitt hefti þar sem hver skákmaður var tekinn fyrir og unnið með hvað hann gæti gert á skákborðinu. Eftir þessa vinnu tefldu svo börnin.

Námskeiðinu lauk með skákmóti þar sem allir fengu medalíur að launum.

Skipulag tímanna var vel uppbyggt og voru nemendur mjög áhugasamir og virkir. Við fengum viðbrögð frá foreldrum sem voru mjög ánægðir með þessa kennslu.

Við umsjónarkennarar erum sammála um að börnin hafi alls ekki verið of ung fyrir kennsluna. Þau voru mjög opin og hefur skákáhugi aukist mikið og velja börnin nú mun frekar en áður að tefla ef frjáls tími gefst.

### **Lenka Ptacnikova, Snælandsskóla og víðar**

Snælandsskóli hafði samband við mig fyrir rúmlega 10 árum og hafði áhuga á skákkennslu í skólanum. Að byrja með fékk ég að kenna krökkum frá dægradvöl (aðallega 1. og 2. bekkur, nokkrir úr 3. bekk).

Byrjunin var mjög erfið, það vantaði bæði góð töfl og klukkur. Með árunum var skólinn mjög hjálpsamur að gefa okkur betri aðbúnað. Erfiðara var að ég var sterk skákkona en án reynslu og menntunar til að kenna og algjörlega án námsefnis sem hentaði yngstu krökkunum. Ég varð að gera mitt besta að lesa bækur um kennslu og leita efnis sem gæti hentað yngstu krökkunum. Ég hef sjálf tekið mjög mikið saman af efni og verkefnum fyrir yngstu börnin.

Staðan núna:

23 skráð í byrjendahópinn ...1x í viku 1 kennslutími.

18 skráð í framhaldshópinn...1x í viku 1 kennslutími.

7 í unglingahópi (að auki heill 10. bekkur. 1x í viku 2 kennslutímar.

Byrjendahópur

Bekkir:

- 5 nemendur 2. bekkur
- 18 nemendur 1. bekkur

Kyn:

- 12 stúlkur
- 11 strákar

Kostir

- Krakkar hafa míkinn áhuga, gaman að vinna með hópnum.
- Gott kennsluefni sem hentar vel þessum aldri.
- Krakkar eru til í að mæta á mót út af skóla.

Gallar

- Tímasetningur rekkst oft á annað starf í skólanum (t.d. skólasund)

- Miklu betra finnst mér að halda tímana 2x í viku: ef barnið missir núna einn tíma úr þá sér það ekki skák í 2 vikur, jafnvel stundum lengra og það er allt of langur tími.
- Vantar mót þar sem kornungir krakkar gátu tekið þátt. Yngstu krakkar eru tilvalin í peðaskák eða/og skákmót fyrir þeirra aldur. Erfitt að senda 5 ára barn í mót á móti 15 ára unglínga og verðlaunalaus.

### **Framhaldshópurinn**

Bekkir:

- 2 nemendur frá 1. bekk.
- 4 nemendur frá 2. bekk.
- 5 nemendur frá 3. bekk.
- 2 nemendur frá 4. bekk.
- 4 nemendur frá 5. bekk.
- 1 nemandi frá 6. bekk.

Kyn:

- 18 strákar.

Kostir:

- Áhugasamir krakkar.
- Yngstu læra hratt af eldri krökkunum
- Flottur hjálpsamur foreldrahópur
- Margir mæta á mót

Gallar

- Vantar fyrirmynd fyrir elstu krakkana. Aðeins rétt núna náði ég að fá einn strák að mæta í Hellisæfingar, það hentar honum mjög vel og vonandi bætast fleiri í framtíðinni.
- Erfitt að finna æfingar og mót sem henta vel yngstu krökkunum.
- Væri betra að halda æfingra 2x í viku.
- Hópurinn er orðinn mjög fjölbreyttur og enn vantar gott námsefni fyrir eldri krakka. Ég er með fult af bókum með ágætt námsefni en á erlendum málum og ég þarf útskýra allt. Frábært væri að hafa aðgang að bókum á íslensku.
- Gaman væri að taka hópinn að minnsta kosti 2 sinnum á ári út úr bænum.

- Einn kennari er ekki nóg fyrir skóla. Ef ég er veik, upptekin á mótum eða t.d. í fæðingarorlofi fellur skákkennsla niður stundum í 1 ár.
- Það þarf að huga sérstaklega að stelpum, þegar þær eldast detta þær mikið út.

### **Unglingahópurinn**

Hér geta nemendur valið skák í vali, 7 eru opinbera skráðir en stundum mættir fólk sem er ekki skráður en hefur áhuga að tefla.

Bekkir:

- 5 frá 9. bekk.
- 2 frá 10. bekk.

Kyn:

- 7 strákar

Kostir:

- Skák er val hjá nemendum, fast í stundaskrá
- Áhugasamir krakkar
- Væri ágætt að vera í samstarfi við skóla erlendis, fara í námsferð þangað og taka á móti erlendum gestum.

Gallar:

- Vantar skemmtilegt og áhugavert námsefni, get ímynda að hægt væri að búa til námsefni sem sýnir skáksögu, notkun skák í lífi, mikilvægi þess að læra erlend tungumál o.s.frv.
- Krakkarnir voru síðast í skák í 2-3. bekk og frá þessum tímum fengu þeir enga skákkennslu. Þeir hafa áhuga að tefla en mótin eru of sterk fyrir flesta. Get ekki sent alla á mót á vegum skólans.

## Foreldrar

Erla Hjálmarsdóttir

Áróra Hrönn Skúladóttir

Anna Kristín Jörundsóttir

Ragnheiður Sigurðardóttir

Steinþór Baldursson

### Erla Hjálmarsdóttir

Ég get talað út frá reynslu minni sem foreldri, reynslu við skákkennslu yngsta hópsins (6-8 ára) og sem virks þátttakenda í skáklífi skólans og míns taflfélags. Það má einnig benda á að ég hef einnig skoðað nokkuð kosti skákarinnar, tengdar rannsóknir (yrði reyndar að fá lengri tíma til að gera útlistanir á þeim) og get byggt á reynslu minni við þjálfun iðkenda og stuðning við skák almennt.

Til að auðvelda umfjöllun má skipta kostum skákarinnar í nokkra hópa:

#### *Námslegir kostir skákarinnar*

Þó að niðurstöður rannsókna séu blandaðar (þ.e. sumar sem að ekki geta með skýrum hætti sýnt fram á að skákin auki námslega getu iðkenda), þá eru fjölmargar rannsóknir sem að benda til þess að námsleg geta iðkenda aukist, og sér í lagi á sviði stærðfræði. Ég umgengst mikið afrekskrakka (og reyndar aðra sem myndu ekki flokkast sem afrekskrakkar, heldur fremur sem venjulegir iðkendur) í skák, og þau standa undantekningalítið mjög framarlega námslega séð. Ég er ekki í vafa um að skákin styðji við eftirfarandi hæfileika, sem að aftur skila sér í betri námsárangri:

- a. *Betri einbeiting.* Ég hef séð mikinn mun er á getu krakka til að einbeita sér, eftir að þau hafa þjálfað skák í nokkra mánuði. Flestir krakkar lifa í hröðum heimi, með miklu áreiti, mikilli keyrslu í daglega lífinu, fjölmiðlum, tölvuleikjum o.s.frv. og það er e.t.v. ástæðan fyrir því að þau eiga mörg í erfiðleikum með að ná góðri einbeitingu. Skákin er trúlega einhver besta leiðin til að fá jafnvel mjög öra krakka til að ná að einbeita sér í lengri tíma.
- b. *Sjónræn skynjun og geta til greininga/ályktunarhæfni/rökhugsun.* Skákin krefst mjög flókinna greininga, sem að ungir krakkar ná mjög fljótt tökum á. Líkt og fræðin segja til um, þá eru flestir krakkanna sem að skynja og skoða einungis fjórðung taflborðsins þegar þau hefja þjálfun. Eftir nokkurn tíma, ná

þau að skoða og greina flóknari stöður og taka tillit til alls skákbörðsins. Skákin eflir þannig rúmskynjun krakka, og rökhugsun. Þau skilja fljótt að leikirnir hafa afleiðingar, og þurfa að taka inn í útreikninga hvað mótherjinn muni taka til bragðs. Þannig þurfa þau að reikna ótrúlega marga leiki fram í tímann og taka tillit till allra manna á skákbörðinu, og vega og meta ólíka kosti í stöðunni.

- c. *Betra minni.* Ég er ekki í vafa um að minnið bætist, því að það er erfiðara að finna meiri áskorun en skákina þegar minnisþjálfun er annars vegar. Það er hrein unun að sjá unga krakka tefla blindskák og sjá þannig slíka þjálfun skila sér, og hreint ótrúlegt að þau séu fær um að tefla blindskák yfirleitt.
- d. *Skákin dregur úr fljótfærni,* því að þau þurfa að borga fyrir mistök dýru verði. Hver og einn leikur er ekki tekinn til baka, og þau læra fljótt að þau þurfa að hugsa áður en þau framkvæma. Ákvarðanir eru teknar á grundvelli rökhugsunar, fremur en hvatvísi – þau eru nú mislengi að læra þetta, en mín reynsla er sú, að allir séu færir um að tileikna sér þennan þátt.
- e. *Áætlanagerð.* Skákmenn upphugsa áætlanir, og jafnvel þau yngstu eru fljótt komin með skemmtilegar fléttur í hausinn, þegar þau eru spurð út í einstaka leiki. Þau eiga stundum erfitt með að koma þeim í orð, en geta gjarnan sýnt þau á taflborðinu.

Þetta eru nú bara einstaka þættir, sem að ég minnst á, ég gæti haft þennan lista miklu lengri! Það þarf ekki að taka fram að þessir hæfileikar nýtast ekki bara í skákinni, heldur í öllu námi.

#### *Félagslegir kostir skákarinnar*

- a. *Að læra að tapa með sóma og læra að vinna með sóma.* Skákin er íþrótt sem hefur nokkra sérstöðu, og ég byggi þetta alfarið á eigin reynslu. Margir krakkar eiga erfitt að setta sig við ósigur, og skákin er ljómandi gott tæki til að kenna krökkum að taka ábyrgð á eigin athöfnum. Í skákinni er erfitt að kenna nokkru öðru um en eigin getu, þegar viðkomandi tapar. Ég hef viðmið úr hópíþróttum, þar sem viðkvæðið var að félagarnir stóðu sig svo illa, dómarrinn var lélegur, völlumurinn glataður, boltinn ónýtur o.s.frv. Í skákinni læra krakkar að taka ábyrgð á eigin tapi, því að þau verða að treysta á sjálf sig og bara sig. Þau læra að tapið er hluti af lærdómnum, sem er meginþema skákþjálfunar – þú lærir jafn mikið á því að tapa, og stundum meira á því en



að vinna. Eftir tapleiki, þá heyrir maður oft eitthvað í þá áttina, að andstæðingurinn hafi staðið sig „rosalega vel“, eða „ég klúðraði, en ég ætla ekki að gera sömu mistökin aftur“. Allir ganga í gegnum óteljandi tapskákir áður en þeir fara að sigra í meirihluta skákanna. Fæstir þeirra krakka sem eru mjög sterk, einkennast af neinum hroka. Þau hafa farið í gegnum þennan lærdómsferil og skilja veikari andstæðinga. Það er ósjaldan sem að maður sér að sterkustu krakkarnir hrósa hinum þegar þau sýna góða takta við taflborðið, og að krakkar í 10 bekk brosa í kampinn þegar þeir tapa fyrir sterkum skákkrökkum úr 2. bekk. Handaband í byrjun og lok skákar er einmitt merki um þessa gagnkvæmu virðingu sem skákmenn sýna hver öðrum.

- b. *Skákin brúar aldursbil.* Þetta er nokkuð merkilegur hlutur, því að íþróttin sameinar krakka á ólíkum aldri, þar sem krakkar uppskera virðingu fyrir getu og góða ástundun. Unglingar tefla við unga krakka og ungir krakkar tefla við eldra fólk á taflmótum.
- c. *Krakkar sem að standa höllum fæti félagslega sækja í skákina og fá þar félagslega festu, félagslíf, og jafnframt virðingu sem að gefur þeim sjálfstraust til að blómstra á öðrum sviðum lífsins.* Ég hef séð frábær dæmi þess hjá ungum krökkum, t.d. hjá krökkum sem að virðast ekki ná að fóta sig í hefðbundnum íþróttagreinum.
- d. *Kynjabilið er brúað með skákinni.* Í skákinni er ekkert kynjabil, bæði kynin hafa jafn mikil tækifæri. Bæði á Íslandi og erlendis (hef lesið breskar rannsóknir á þessu), þá virðast stúlkur hins vegar ekki skila sér vel inn í taflfélög, og því hefur skákin orðin karlaíþrótt. Þetta breytist ekki nema með því að skákin sé færð inn fyrir vegg skólanna, að mínu mati, því að mikið hefur verið reynt til að lagfæra þennan kynjamun sem að augljós er í skákiðkun á Íslandi.
- e. *Tölvunotkun breytist.* Mikil tölvunotkun barna og unglunga er orðið áhyggjuefni. Skákþjálfun hefur færst yfir á tölvutækt form, og á netið, og þar er mín reynsla að það sé af hinu góða. Tölvunotkun eykst ekki, heldur breytist neyslumynstrið, þ.e. að krakkarnir sækja í að tefla á netinu, í stað þess að spila tölvuleiki. Yngri krakkar geta teflt á öruggum netsíðum fyrir krakka, og tefla við krakka frá öllum heimshornum, spjalla við þá, ganga í skákklúbba á netinu (fletta upp upplýsingum um ólík lönd og fána!) o.s.frv., sem er mun hollara mynstur en að hanga í tölvuleikjum.

### *Krakkar með sérþarfir*

Allir krakkar eru einstakir, og læra á sinn einstaka hátt. Skákin hins vegar getur náð að fanga hæfileika krakka sem að nýtast illa eða ekki á öðrum vettvangi.

- a. *Skákin nýtist fyrir krakka með sérþarfir, s.s. athyglisbrest, ofvirkni og önnur einkenni.* Margir krakkar sem að hafa slíkar sérþarfir hafa komið inn í skákina og hafa staðið sig vel, og sérkennarar hafa jafnvel nýtt skákina við að leiðbeina slíkum nemendum, og hefur gefist vel. Skákin krefst mikils aga og nákvæmni, sem að sumir hafa þegar til brunns að bera, en aðrir læra að tileinka sér. Einstaka krakkar sem eiga í töluverðum erfiðleikum, ná mjög góðri hæfni í skák á stuttum tíma, og virðist skákin liggja sérlega vel fyrir slíkum krökkum. Ég hygg að það sér dýrmætt fyrir þessa einstaklinga að finna vettvang þar sem þau ná góðum árangri á stuttum tíma og finna að þau getað virkjað hæfileika sem að annars væru ekki nýttir.
- b. *Skákin nýtist fyrir bráðgera krakka.* Í skólaumhverfi er gjarnan erfitt fyrir kennara að finna verðug verkefni fyrir bráðgera krakka, sem að höndla annað nám vel, en þurfa á meiri áskorun að halda til að viðhalda áhuga og ánægju innan veggja skólanna. Skákin hefur reynst mjög vel fyrir slíka nemendur. Aftur tala ég út frá eigin reynslu, þar sem ég var með einn fjögurra ára, sem var afskaplega klárt, en jafnframt sérlega krefjandi barn sem þurfti endalaust ný verkefni til að klást við. Hann uppgötvaði þá sudoku sem hann leysti í tíma og ótíma, og færði sig svo yfir í skákina þegar hann var fimma ára, þar sem að hann fékk endalaust nýjar áskoranir sem að henta honum ákaflega vel. Nú er hann að verða átta ára og lifir og hrærist í heimi skákarinnar, ásamt því að stunda aðrar íþróttir af kappi.

Ég lít svo á að skákin sé þjóðaríþrótt okkar Íslendinga, að við eigum að hlúa að henni og að hvert barn á Íslandi eigi að kunna mannganginn í það minnsta. Að lokum get ég bent á að menntarannsóknir hafa farið í saumana á því hve löng byrjunarþjálfun í skák þarf að vera, til að hún skili sér í námsárangri – tveggja vikna námskeið eru ekki nægjanlega löng!

## **Áróra Hrönn Skúladóttir**

Varðandi jákvæð áhrif skáklistarinnar á Hilmi Frey son minn, þá get ég með sanni sagt að Hilmi Freyr hefur styrkst mikið félagslega, hann er öruggari með sjálfan sig, þorir meiru og það hefur ekki áhrif á hann hver situr á móti honum þegar hann er að tefla, fullorðinn stigahár eða jafnaldri með sambærileg stig, heldur er það skákin sem er aðalatriðið.

Mér finnst skákin líka hafa jákvæð áhrif á hann námslega. Hann hefur meira úthald við námið og hefur það komið berlega í ljós eftir að hann fór að sitja við 4- 5 tíma kappskákir að honum hefur farið fram. Einnig hefur hann verið duglegur að kenna sínum jafnöldrum að tefla í skólanum og hefur gaman af. t.a.m. hefur áhugi hér á Patreksfirði vaknað eftir komu Hilmis og hann er að tefla við krakkana ;)

## **Anna Kristín Jörundsdóttir**

Skák hefur tvímælaust jákvæð áhrif á nám og þroska barna sem og skákstarf Rimaskóla. Meðfylgjandi eru nokkrir punktar þar að lútandi:

1. Skák þjálfar rökhugsun og gerir nemendum gott t.d. þegar kemur að námi. Sem dæmi komu 4 efstu einkunnirnar í samræmdu prófum 7-bekkjjar frá börnum sem stunda skák eða hafa lagt stund á skák.
2. Nemendur sem af einhverjum ástæðum stóðu höllum fæti félagslega fundu sér félagsskap í skákinni.
3. Það er ódýrt að stunda skák fyrir byrjendur og lengra komna það eru t.d á laugardögum æfingar í Rimaskóla án endurgjalds Því ætti það að vera óháð efnahag að stunda skáklistina.
4. Í Rimaskóla þar sem skákin er í hávegum höfð er mikið lagt upp úr jafnræði kynjanna og er það raungeta einstaklinga sem ræður för þegar valið er í keppnissveitir fyrir hönd skólans.
5. Rimaskóli hefur alið margan afreksmanninn í skáklistinni og vegna afreka sem þessir einstaklingar hafa unnið til bæði hér heima og á erlendum vettvangi þá er það frekar “cool” eins og krakkarnir segja að vera í skáksveitinni. Bæði yngri og eldri nemendur líta upp til afreksmanna í skák.

## **Ragnheiður Sigurðardóttir**

Áður en yngri sonur minn fór að sýna áhuga á skák, í öðrum bekk barnaskóla, vissi ég lítið um hinn dularfulla heim taflmennskunnar. Vissulega hafði ég tekið eftir fámennum hópi manna sem hafði gaman af að tefla í tíma og ótíma og bar eðlilega virðingu fyrir þeim. En það fór talsvert meira fyrir fótboltaáhugamönnum. Þegar við mæðginin fengum svo upplýsingar um hvert ætti að leita fyrir ungan skákáhugamann, var okkur bent á Helli og Skákaskólann. Í framhaldi af því kynntumst við Skákakademíunni og sumarnámskeiðum hennar og fleiri skákfélögum. Eins var boðið upp á skákkennslu í skóla sonar míns, sem er væntanlega upphaf þess að áhugi hans á skákinni kviknaði, því heima teflum við því miður ekki. Ég lít á skákina sem uppbyggjandi og krefjandi íþrótt, bæði fyrir þá sem ætla sér langt en eins fyrir þá sem vilja stunda skemmtilegt og hollt tómstundagaman um alla framtíð. Það er ekki spurning að krakkar sem eru vel virkir eða eiga erfitt með einbeitingu virðast margir hverjir ná undraverðum tókum á hugsuninni við skákiðkun. Ekki síður þess vegna ætti að líta á það sem forgangsatíði að kynna skák fyrir öllum börnum. Ég hef margoft heyrt að skákáhugi vaxi til muna í þeim skólum þar sem skákbörði og skákmönnum er stillt upp. Í fullkomnum heimi væri slíkt í boði í öllum skólum landsins. Eins er mikilvægt að boðið sé upp á kennslu í öllum grunnskólum þar sem það er verulega dýrmætt að eiga kost á að kynnast skákinni, hvort sem hún á svo við þig eða ekki. Skák er vissulega kennd í fjölda skóla, og eins komin inn í allnokkra leikskóla sem er frábært enda skákáhugi mikill og vaxandi. Fótbolti og aðrar vinsælar íþróttir eru nauðsynlegar og gaman að fylgjast með hve lengi fram eftir aldri fólk nýtur þess að stunda þær. En það má benda á að skákin hefur enn lengri líftíma þar sem lúin bein hindra ekki iðkun hennar.

## **Steinþór Baldursson**

Íþróttahreyfingin í landinu hefur unnið mikið og gott starf í tengslum við uppeldi barnanna okkar. Þar fá þau holla hreyfingu, góða fræðslu og mikið félagslíf. Við foreldranir fögnum þessu enda hefur félagsskapurinn sem börn okkar sækja í mikil áhrif á þroska þeirra, lífshamingju og ákvarðanir við val á valkostum. Engum dylst hvað góður félagsskapur hefur mikið forvarnargildi gagnvart mörgu því slæma áreiti sem börn okkar verða fyrir á unglingsárunum.

En hvað með skákina. Getur þátttaka í skákstarfi komið í stað eða stutt við þátttöku í boltaíþróttum með tilliti til félagslega þáttarins?

Það er skoðun mín að það sé ekkert því til fyrirstöðu að skákin uppfylli í ríkari mæli margvíslega félagslega þörf barna okkar með sama hætti og boltaíþróttirnar gera í dag en ég held að skákhreyfingin verði að gera betur til að örva félagslega þáttinn hjá krökkunum. Í því sambandi sé grundvallar atriði að leita til að auka möguleika fyrir skákkrakkanna til að upplifa sig sem hluta af „hópi“ hvort það sem er á skólalevel eða hjá skákfélögunum.

Það er óumdeilt að skáklistinn er göfug jafnvel þótt í huga margra ungmenna sé skákinn etv ekki talin vera mjög „íþróttamannleg“. Það er því miður þekkt að margt efnilegt ungviði í skák hefur orðið boltaíþróttunum „að bráð“ þegar kemur fram á unglingsárin. Þetta er viðfangsefni sem brýnt er að skákhreyfingin takist á við, ekki endilega bara til að skila fleirri afrekskrökkum heldur líka til að breikka hóp þeirra sem alast upp við að skákin sé hluti af daglegu lífi alveg eins og fótboltinn eða handboltinn.

Skákin er íþrótt sem m.a. byggir á hugarleikni, einbeitingu og miklum aga. Til að ná góðum árangri þurfa krakkarnir að leggja mikið á stig, bæði við beinar æfingar og við lærdóm. Skákin er hins vegar í eðli sínu einstaklingsíþrótt og því gefast ekki oft tækifæri fyrir skákkrakkanna til að upplifa skákina út frá hagsmunum liðsheildar. Þetta er að mínu viti miður, því rökstyðja má að því sterkari samkennd sem börnin upplifa með félögum sínum því meiri líkur eru að börnin sæki í skákina ekki bara úr frá sjónarmiðum um að keppa/sigra sem einstaklingar heldur einnig út frá félagslega þættinum þar sem þau myndu í meira mæli upplifa sig sem hluta af liðsheild.

Eg teldi því mikilvægt ef auka mætti þá tilfinningu hjá krökkunum að þau séu hluti af liði og liðsheild en ekki bara einstaklingar sem eru að keppa hver við annan. Til slíks eru án efa margir möguleikar. Þannig mætti t.d. koma á fleirri sveitakeppnum á vegum taflfélaganna í landinu annað hvort á landsvísu eða innan svæða. Hér mætti til dæmis hugsa sér Íslandsmót barna- og unglingsveita í kappskák sem væru td haldin yfir tvær helgar yfir veturinn þar sem önnur umferðin (helgin) færi fram á höfuðborgarsvæðinu en hin utan höfuðborgarsvæðisins. Með sama hætti mætti halda styttri mót í at- eða hraðskák. Ef aðilum finnst með slíkum hugmyndum mótum hafa fjölgað um of er auðvelt að fækka einstaklingsbundnu mótunum svo sem því að steypa saman Landsmótinu í skólaskák og Íslandsmóti barna og unglinga osfv.

Einhver kann að segja að Íslandsmót barna- eða grunnskóla uppfylli þessa þörf. Slíkum sjónarmiðum er eg ekki endilega sammála. Skólakeppnirnar eru af hinu góða en þar eru ekki endilega saman í liði einstaklingar sem eiga að öðru leyti mikla

samleið og slíkir viðburðir styrkja því félagslega þáttinn ekki mikið. Hjá taflfélögunum koma hins vegar saman börn og unglingar sem hafa valið að stunda skákina sem áhugamál utan skóla. Slíku vali þeirra fylgir augljóslega mun meiri alvara og ákveðni í að þroskast sem skákmenn og það er því í slíkum hópi sem líklegast er að börnin myndi varanleg félagsleg tengsl við einstaklinga til framtíðar. Það þarf því að gefa þessum börnum tækifæri til að eflast félagslega hjá taflfélögunum ekki síður en skáklega og aukin tækifæri til þátttöku í flokkakeppni myndu vera mjög jákvæð í þessu sambandi. Ég hvet taflfélögin til að huga vel að þessu.

Í boltaíþróttunum er passað upp á að börnin fái að kynnast og fylgjast með meistarflokksfólkinu en þannig eignast börnin fyrirmyndir og styrkja tengslin og ræturnar við sitt félag. Skákfélögin á Íslandi eru með frábæra meistarflokka og sum hver eru jafnvel svo heppin að hafa innan sinna raða erlend stórnöfn sem stundum koma til landsins til keppni. Væri ekki upplagt að tryggja að við slík tækifæri fengju krakkanir að kynnast meisturunum í sínu félagi osfv og upplifa sig þannig sem hluta af stærri og merkilegri heild. Ég er þannig að hvetja skákfélögin til dáða og hvetja þau til að efla þá þætti í starfseminni sem snýr að liðsheildinni með hvaða hætti sem það er gert.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar að börnin eigi að fá að sækja í þau áhugamál sem þau heillar og boltinn eða önnur hreyfing er þar engin undantekning. Börnin sækja gjarnan í boltaíþróttirnar ekki bara af því að þeim finnst gaman að leika sér með bolta. Þau eru líka að sækja sér félagsskap, eru mögulega að fylgja ákveðinni hjarðhegðun og á sama tíma að tryggja að þau tilheyri „réttu“ hópnum og njóti virðingar. Ég held að með því að auka félagslega vitund innan skákhreyfingarinnar og með aðgerðum sem styrkja við slíkt geti skákinn ekki síður uppfyllt ákveðna félagslega þörf hjá börnunum okkar. Það gerist hins vegar ekki af sjálfu sér. Við þurfum að búa þeim umhverfi sem gerir þátttöku í skákinni félagslega eftirsóknarvert.

## **Fylgiskjal C: Könnun á viðhorfum skólastjóra til skákkennslu í skólum.**

Sjá hjálagt skjal.

## Fylgiskjal D: Bækur og kennslugögn fyrir 1. bekk og kostir skákkennslu

**Sex hefti með um taflmenn** – Útgefandi FIGURKA - tékkneskt útgáfufyrirtæki. Auðveld og skemmtileg dæmi sem hafa aðeins eina rétta lausn.

**Chess Playground** - eftir Judit Polgar. Ensk útgáfa. Myndræn útgáfa þar sem frægasa skákkona heims kennir mannganginn. Mörg góð dæmi.

**Skólaskák – kennslubók.** Höfundar Anatolí Karpov og Anatolí Schingirej. Rússnesk útgáfa. Bókin hentar vel til kennslu barna 7 – 10 ára. henta kennslu í 10 – 30 barna bekk.

**Skák og mát:** Anatolij Karpov í þýðingu Helga Ólafssonar. Bókin vekur strax áhuga barna og unglinga. Myndræn og skemmtileg útfærsla.

**Kennsluhefti Lenku.** Vinnubók fyrir krakka.

**Skákkennsla.** Útgefið af FIDE. Þýtt af Helga Ólafssyni. Grundvallatriðum skákarinnar gerð skil með dæmum í lok hvers kafla. Stendur ágætlega fyrir sínu en gerir nokkrar kröfur til skákkunnáttu kennara.

**Skákhefti Smára.** Aragrúi dæma sem hinn kunní skákkennari Smári Rafn Teitsson hefur tekið saman.

**Skákkennsla Helga Ólafssonar og Jóns L. Árnasonar.** Þetta efni, sem var sýnt á RÚV árið 1991, var tæknilega séð vel unnið og stendur alveg fyrir sínu. Ágæt viðbót sem hægt er að nálgast í **tölvutæku formi**.

**Skák. Fyrsta ár skákkennslu.** Barskj. Abramov. Rússnesk útgáfa. Bókin samanstendur af 34 kennslustundum fyrir unga krakka, 5 - 7 ára, sem eru á síðasta ári í leikskóla eða á fyrsta eða öðru ári í grunnskóla.

Við kennslu og mótun kennslugagna á yngsta bekkjarstigi, 1. Bekk grunnskóla, ætti m.a. að hafa eftirfarandi í huga:

1. Gera verður þær kröfur til kennara að hann kunní mannganginn en ekki endilega mikið meira en það.
2. Skákkennsla eins og hún fer fram sem tilraunaverkefni er fyrst fremst leikur fyrir nemendur.
3. Stefnt er að því að nemendur kunní mannganginn í lok annar.
4. Umsjón tilraunarinnar býður uppá námskeið fyrir þá kennara eða skóla sem þessa óska.

Nauðsynlegt er að kennari hafi kennslubók, **haldgott kennslugagn** sem taki til jákvæðra þátta sem hér verða raktir:

### 1. Hóflegar kröfur skákarinnar

Peðaskák er góð byrjun hjá þeim sem eru að læra mannganginn en sá vinnur sem kemur fyrst peð upp í borð.

### 2. Handavinna og myndræn túlkun skákarinnar

Áhersla verður lögð litun taflmanna, úrklippur og aðrar slíkar úrlausnir. Hafa verður til hliðsjónar að nemendur eru nýkomnir af leikskólastigi.



### **3. Stærðfræði skákarinnar**

Vægi taflmanna í stigum, drottning 10 stig, hrókur 5 stig, riddari 3 stig o.s.frv. Má nota í litum reikningsdæmum. Taflborðið má nota til að finna gröf, línurit o.s.frv.

### **4. Siðfræði skákarinnar**

Mikil áhersla verður lögð á góða framkomu í tímum. Nemendur heilsist við upphaf skákar, ofmetnist ekki ef vel gengur, sýni nemendum virðingu, hrósi öðrum o.s.frv. Lögð er rík áhersla á íþróttamannslega hegðun.

### **5. Félagslegi þáttur skákarinnar**

Jafningafræðsla getur átt við. Hópar vinni saman að litlum verkefnum.

### **6. Tölvufræði skákarinnar**

Fáar greinar liggja betur við tölvutækninni en skákin. Hægt er að tefla á netinu og má jafnvel koma því við í skólastofum einkum ef tæknibúnaður er fyrir hendi. Þá er hægt að finna síður með dæmum sem nemendur geta leyst heima eða í tímum, allt eftir því sem aðstæður bjóða uppá.

## Efling skáklistar í grunnskólum

### Inngangur

Í erindisbréfi menntamálaráðuneytis er skilgreint markmið nefndarinnar að gera tillögur um framkvæmd á tilraunaverkefni um eflingu skáklistarinnar í grunnskólum landsins.

Í nefndinni voru Helgi Ólafsson, tilnefndur af Skákskóla Íslands, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, tilnefnd af Skáksambandi Íslands, Steinar Stephensen, tilnefndur af menntamálaráðuneyti, Sif Sigfúsdóttir, tilnefnd af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Einar Pálsson, tilnefndur af Hróknum auk Halldóru Traustadóttur formanns nefndarinnar sem tilnefnd var af menntamálaráðuneytinu.

Hópurinn hittist á 7 fundum þar sem rædd var staðan í dag, stefna og markmið skilgreind. Nefndin greindi stöðuna í dag og ræddi mögulegar leiðir við nálgun að verkefninu. Að síðustu var sett fram tillaga að framkvæmd tilraunaverkefnis.

### Samandregnar niðurstöður

Verkefni nefndarinnar er að gera tillögur um framkvæmd á tilraunaverkefni um eflingu skáklistarinnar í grunnskólum landsins.

Til að efla skákstarf í skólum skilgreindi nefndin tvö markmið með tilraunaverkefninu; Í fyrsta lagi að allir grunnskólanemendur frá ákveðnum aldri hafi grunnþekkingu á skák og í örðu lagi að efla áhuga og aðgengi grunnskólabarna að skák.

Nefndin leggur til að unnið verði að því að ná þessum markmiðum með tvennum hætti. Annars vegar með því að bjóða markvissa kennslu í skák til barna í 3. bekk og að unnið verði námsefni til að byggja kennsluna á. Hins vegar að boðið verði upp á skákæfingar í tengslum við skóla og að hvatning sé til staðar í formi kerfis viðurkenningar á árangri og skákmóta sem ýta undir metnað nemenda. Stærsti ávinningur reglubundinnar skákkennslu í grunnskólum er að skákin nýtist sem tæki til að auka námshæfni og lífsleikni grunnskólabarna.

Nefndin leggur til að ráðinn verði verkefnisstjóri til að hrinda verkefninu í framkvæmd nú strax og að tilraunaverkefnið geti hafist formlega í völdum skólum næsta haust. Ef vel tekst til verður hægt að innleiða breytingar í öllum skólum haustið 2009. Nánari útfærsla varðandi framkvæmd er útlistuð í skýrslunni.

Samhliða skákkennslu og bætt aðgengi grunnskólanema að skák er lagt til að tekið verði á ímyndarmálum og vegur og virðing skáklistarinnar aukinn með því að fá „talsmenn“ sem höfða til aldurshópsins til liðs við þetta góða málefni.

Að lokum er sett fram sú hugmynd að auðvelt ætti að vera að fá fyrirtæki til að styrkja verkefnið í heild og gera bindandi samning til t.d. 3 ára. Fyrirtæki vilja mörg hver styðja við samfélagið og þá sérstaklega það sem snýr að ungu fólki þ.e. framtíðarstarfsmönnum þessara fyrirtækja. Fyrirtækjum er í mun að fá sem

hæfasta einstaklinga til starfa og skákin er vel til þess fallin að þjálfa eiginleika sem nýtast vel í rekstri.

## Efling skáklistar í grunnskólum

### Verkefnið

Verkefni nefndarinnar er að gera tillögur um framkvæmd á tilraunaverkefni um eflingu skáklistarinnar í grunnskólum landsins.

Til að efla skákstarf í skólum skilgreindi nefndin markmið verkefnisins nánar með eftirfarandi hætti:

1. Að allir grunnskólanemendur frá ákveðnum aldri hafi grunnþekkingu á skák
2. Að efla áhuga og aðgengi grunnskólabarna að skák

### Hvers vegna skák?

Stærsti ávinningur reglubundinnar skákkennslu í grunnskólum er skákin nýttist sem tæki til að auka námshæfni og lífsleikni grunnskólabarna.

Í ritgerð eftir Smára Rafn Teitsson kennaranema frá 2003 um skákkennslu í grunnskólum er m.a. fjallað um ávinning af skákkennslu. Hér á eftir fara nokkrir punktar úr ritgerð hans þar sem kostir eru tundaðir.

*„Stærsti ávinningurinn af skipulagðri skákkennslu er að rannsóknir í mörgum löndum sýna að skipulögð og reglubundin skákiðkun bætir almenna námsgetu barna. Þannig sýna rannsóknir að reglubundin skákiðkun bætir/kennir einbeitingu, sjálfsaga, rökhugsun, áætlanagerð, reiknigetu, rýmisgreind/sjónminni, lestrargetu, að taka ábyrgð á eigin gerðum, skilning á orsök og afleiðingu, íþróttamannslega framkomu (t.d.: fyrir skák takast keppendur í hendur og eftir skák segir maður takk fyrir skákina), samskipti (ungir skákmenn læra að koma kurteislega fram hver við annan), tilfinningu fyrir liðsheild/liðsanda, sjálfshvatningu og viljann til að standa sig vel, rannsóknarhæfileika, listrænt mat og að taka sigrum og töpum, sem er nauðsynlegt að kunna í lífinu (<http://chesskids.com/ckafaq.shtml>)*

Auk þessa hafa rannsóknir sýnt að skólaskák hefur jákvæð félagsleg áhrif innan veggja skólans sem utan. Viðamikil rannsókn sem gerð var í Skotlandi árið 2005 sýnir t.d. mikla jákvæða breytingu á tengslum barna af mismunandi uppruna og aldri með tilkomu markvissrar skákiðkunar í skólastarfinu. Rannsakendur komust að því að regluleg skákiðkun í skólanum gefi bæði mismunandi kynslóðum og ekki síst jaðarhópum aðgang að félagslegum upplifunum og þátttöku sem ekki er til staðar í sama mæli í öðrum greinum. Þá sýndi rannsóknin líka að ef skák var tefld í skólanum gaf það börnum og unglingum frekari tækifæri til góðra samskipta heima fyrir, þar sem þau vildu iðulega fá einhvern heimavið til að tefla við sig líka. (<http://www.scotland.gov.uk/Resource/Doc/930/0009711.pdf>) Aðrar rannsóknir t.d. í Bandaríkjunum sýna sömu niðurstöður, þ.e. að félagsleg áhrif skákiðkunar í skólum séu mun meiri og jákvæðari en ráð var fyrir gert, þar eð hún tengi saman

ólíka hópa og gefi ekki sístþeim sem erfitt eiga uppdráttar tækifæri til tjáningar og samskipta við aðra nemendur og kennara (sjá t.d. yfirlit yfir rannsóknir á [http://www.quadcitychess.com/benefits\\_of\\_chess.html](http://www.quadcitychess.com/benefits_of_chess.html); <http://www.amchess.org/research/>; <http://www.uschess.org/scholastic/sc-research.html>)

Í ritgerð eftir Smára Rafns er einnig fjallað um skákkennslu og samleið með aðalnámskrá grunnskóla.

*“Í aðalnámskrá grunnskóla um hlutverk og markmið grunnskóla segir: Menntakerfið á að vera sveigjanlegt til að mæta nýjungum og breyttum kröfum. Höfuðskylda þess er þó að veita nemendum góða, alhliða menntun (<http://www.ismennt.is/vefir/namskra/g/almennt/almennur.html>). Í 2. grein laga nr. 66 um grunnskóla frá 1995 segir: Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins (<http://www.althingi.is/altext/stjt/1995.066.html>) og í 29. grein laga um grunnskóla segir: Í starfi skólans skal leggja áherslu á: [m.a.] að nýta leiki barna sem náms- og þroskaleið.*

*Frá kennslufræðilegu sjónarhorni blasa kostirnir við skákkennslu við. Nemendurnir sjálfir eru oftast í aðalhlutverki, þeir fá að vera þátttakendur en ekki bara viðtakendur þekkingar. Þeir fá að prófa sig áfram, reka sig á og íhuga hvernig þeir geta bætt sig. Kennarinn er því ekki bara í hlutverki hins hefðbundna fræðara heldur frekar stjórnanda eða verkstjóra sem sér um að fylgjast með því að allt gangi vel fyrir sig. Allt er þetta í samræmi við þá strauma og stefnur sem eru ríkjandi í kennslufræði í dag (Rúnar Sigþórsson ofl.: bls. 172).”*

## **Staðan í dag**

Fyrir rúmum áratug var blómlegt skákstarf í mörgum grunnskólum landsins. Mátti m.a. rekja það til þess að skólarnir buðu tómskundastarf fyrir nemendur í tengslum við skólann. Þegar tómskundastarf var flutt frá grunnskólum til ITR fluttust þeir fjármunir sem skólarnir höfðu til ráðstöfunar til að greiða kennurum fyrir að sinna tómskundastarfi með og féll því víða niður skákstarf í skólum.

Í dag er staðan sú að skákiðkun er ekki almenn í skólum landsins heldur frekar bundin við það að einhver einstaklingur innan skóla sé sérstaklega áhugasamur um að bjóða skákkennslu í viðkomandi skóla og taki það verkefni upp á sína arma. Í þeim skólum sem við skoðuðum var skákkennsla hluti af starfi kennara sem hafði umsjón með skákkennslu. Þar sem best þykir hafa tekist til er ákveðinn starfsmaður ábyrgur fyrir skákstarfi innan skólans og skákkennsla og æfingar hluti af reglubundnu skólustarfi. Skortur er hins vegar á samræmdu námsefni um skák til kennslunnar. Svo virðist sem hver og einn kennari hafi sinn hátt á kennslunni.

Þegar við lítum á þá reynslu nokkurra skólamanna sem hafa vakið athygli fyrir skákstarf og hægt er að líta á sem fyrirmyndir þá er skipulag eftirfarandi:

- **Í Rimaskóla** er Helgi Árnason skólastjóri forsvarsmaður fyrir skákkennslu í skólanum. Fjórtán ár eru síðan byrjað var á skákkennslu við skólann. Rimaskóli hefur fengið hvatningarverðlaun fyrir starf sitt.

Viðurkenningin var ekki síst veitt fyrir að ná til jaðarhópa. Skákstarfið gengur vel í yngri aldurshópum sérstaklega í 4.-6. bekk en er erfiðara eftir því sem krakkar eldast þar sem ímynd þess að stunda skák breytist með aldrinum. Í Rimaskóla eru að koma upp sterkir einstaklingar 13-16 ára en ekki er mikil breidd í hópnum. Í Rimaskóla er skákkennsla fyrir 1.-10. bekk. Mikill áhugi er hjá börnum eftir 3. bekk. Í Rimaskóla eru valdir einstaklingar í skákkennsluna. Kennarar velja m.a. erfiða krakka og jafnvel einhverfa sem geta notið sín. Yngri nemendur eru teknir úr tímum í 40 mínútur en eldri stunda skákina eftir skóla. Gott samstarf við foreldra er mikilvægt. Töfl eru inni í stofum og valið eftir áhuga og færni. Bókasafnið heldur utan um töflin. Eldri maður sér um byrjendakennslu en haldið er sérstaklega utan um afrekshópinn.

- 
- **Í Salaskóla** er Tómas Rasmus umsjónarmaður skákkennslu. Mikill stuðningur er frá skólastjóra við skákiðkun og vann Salaskóli heimsmeistaratitil grunnskólanema í Tékklandi í sumar. Í Salaskóla hefur umsjónarmaður 2 kennslustundir launaðar á viku fyrir skákkennslu. Töfl eru í öllum stofum hjá yngstu börnum en fyrir eldri í matsal og víðar. Mikið er lagt upp úr að kenna góða umgengri um töfl og klukkur. Tómas notar ýmsar aðferðir við skákkennsluna. Hann fléttar skákkennslu inn í kennslu annars námsefnis, boðið er upp á skák í svokölluðum örsmiðjum þar sem boðið er upp á að velja mismunandi tómsstundir í ákveðinn tíma í senn. Hjá yngstu börnunum (1.-4. bekkur) er boðið upp á opna æfingu strax eftir skóla fyrir dægradvöl. Fyrir eldri börnin eru æfingar eftir kl. 16 tvisvar sinnum í viku. Stefnan er að búa til marga meistara og vel er haldið utan um getu hvers og eins. Þannig er skákstarfinu skipt í deildir þar sem börnin vinna sig upp eða detta niður og geta náð sér í Salaskólaskákstig. Stigin eru notuð til að velja í meistaralið skólans. Mörg mót eru haldin innan skólans. M.a. eru haldin bekkjarmót þar sem börn sem taka þátt (3 úr hverjum bekk) eru tekin úr öðrum tímum á sama tíma, aldursskipt mót og Salaskólamót þar sem meistari skólans er valinn
- **Í Sæmundarskóla** sér Zophanias Einarsson um skákkennslu. Hann var áður kennari á Hallormsstað í 20 ár og sá m.a. um skákkennslu þar. Í Sæmundarskóla er stefna skólans að allir læri skák. Markmiðið er að vekja áhuga nemenda og koma á þeim bragðið. Forsenda fyrir skákkennslu er að skólinn eigi skáksett og klukkur. Í Sæmundarskóla eru lágmark 2 töfl í hverri stofu. Allir aldurshópar (1.-7. bekkur) fá kennslu sem er í höndum umsjónarmanns. Skákkennslan er hluti af starfi umsjónarmanns sem hefur tvær samliggjandi kennslustundir á viku til þessa. Umsjónarkennarar senda annars vegar ákveðna nemendur í skákkennslu og hins vegar er sendur hópur og þá notuð sýningartöfl eða teflt. Stefna skólans er að tengjast nærsamfélagi sínu og eldri borgurum sérstaklega. Skákverkefnið hefur verið samtvinnað stefnunni og koma 2-3 eldri borgarar tvær klukkustundir í viku og tefla við nemendur. Stefnt er að því að tengja skákkennsluna mótum innan skólans.

- **Í Hvaleyrarskóla** í Hafnarfirði er Steinar Stephensen umsjónarmaður skákkennslu. Hann fléttar skákkennslunni inn í allt námsefni í formi verkefna. Hann fékk styrk frá KÍ til að gera efni um skák og hefur nýtt það við kennsluna. Steinar telur brýnt að koma skákefni í námsefnisform. Þá væri gefin út bók fyrir kennara þ.e. kennsluleiðbeiningar í skákkennslu, farið yrði nákvæmlega í mannganginn og ýmis grunnatriði í skáklístinum. Í kennaraheftinu yrðu líka rök fyrir skákkennslu útlistuð. Síðan yrði gefin út námsbók fyrir nemendur í 3. bekkjum. Best væri að hafa möppu með vinnublöðum, svo og kennslubók í skák. Þetta námsefni yrði samtvinnað íslenskunámi og stærðfræðinámi nemendanna og horft til aðalnámsskrár grunnskóla þegar þessi vinnublöð væru unnin.
- **Í Varmalandsskóla** í Borgarfirði sá Einar Kristján Pálsson um skákkennslu árin 2004-2007 og var kennslan liður í tilraunaverkefni sem runnið var undan rifjum þáverandi skólastjóra Flemmings Jessen. Einar kenndi skák í 2.-7. bekk og var hverjum bekk skipt niður í tvo 8-10 nemenda hópa sem lærðu skák sem skyldufag eina kennslustund í viku hverri. Yngstu nemendurnir lærðu að umgangast hver annan við skákbörðið t.d. takast í hendur og raða taflmönnum rétt upp og var stuðst við myndrænar útfærslur frá [www.chesskids.com](http://www.chesskids.com). Reynslan var að börn í 2. bekk væru fullung til að njóta hópkenndu í skák nema að til kæmi gagnvirkt kennsluefni þar sem rökhyggjan væri ekki til staðar hjá þessum börnum heldur miklu fremur tilhneigingin til að búa til falleg mynstur með taflmönnum á borðinu, jafnvel að stafla þeim hverjum ofan á annan. Stuðningur og áhugi foreldra reyndist mikilvægur. Að loknu skólaári fengu nemendurnir viðurkenningarskjal, undirritað af skólastjóra og skákkennara til merkis um að þeir hefðu lokið við áfangann og væru í stakk búnir til að halda áfram. 3.-5. bekkur (8-10 ára) eru þeir árgangar sem eru virkilega tilbúnir og hafa viljann til þess að læra skák. Þegar komið er upp í efri bekki fer að bera á áhugaleysi, einkum hjá stúlkunum.

### SVÓT-greining

Hvar liggja tækifærin til eflingar á skáklíst í skólum og hvaða ógnanir þarf að yfirstíga?

Styrkleikar	Veikleikar
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skákiðkun eykur námshæfni og lífsleikni</li> <li>• Hefur reynst vel í kennslu jaðarhópa</li> <li>• Rannsóknir sýna mjög jákvæðar félagsleg áhrif skákiðkunar í skólum, mismunandi hópar tengjast sem annars væru afskiptir og nemendur sem eiga erfitt uppdráttar fá nýjan farveg tjáningar og samskipta</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki boðið upp á skákkennslu í skólum nema í undantekningartilfellum</li> <li>• Almennt ekki í boði að skákkennsla sé launað starf</li> <li>• Möguleiki að taka þátt í mótum mikilvægur en erfitt fyrir skóla úti á landi að fjármagna ferðir á skákmót.</li> </ul>

<b>Tækifæri</b>	<b>Ógnanir</b>
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Færa skákkennslu inn í skólana</li> <li>• Velja tilraunaskóla til að keyra fyrsta árið – síðan tillaga að innleiða í öllum skólum ef vel tekst til</li> <li>• Launað starf að sinna skákkennslu</li> <li>• Stuðningur stjórnenda mikilvægur</li> <li>• Búa til tengslanet skákkennara/skákumsjónarmanna</li> <li>• Ábyrgð skýr – tilnefna einhvern innan skóla eða utan til að bera ábyrgð á skákkennslu (t.d. eldri borgara)</li> <li>• Búa til tengslanet skákþjálfara</li> <li>• Námsefni sé til staðar</li> <li>• Allir nemendur fái grunnkennslu</li> <li>• Leggja áherslu á 3. bekk (4. bekk)</li> <li>• Koma auga á þá sem hafa áhuga og efla þá</li> <li>• Fastir tímar og skipulag um skákkennslu og æfingar – helst á skólatíma</li> <li>• Töfl og skákklukkur séu til í skólum</li> <li>• Töfl séu aðgengileg</li> <li>• Hvatningarkerfi sé til staðar</li> <li>• Möguleiki að taka þátt í skákmótum</li> <li>• Samstarf við skákfélög á svæðinu, Skákskóla Íslands og Skáksambandið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Stuðning skólastjórnenda skortir</li> <li>• Vantar mannskap í skólum og þarf e.t.v. að leita út fyrir skólann</li> <li>• Vantar fjármagn til að borga fólki fyrir umsjón</li> <li>• Vöntun á námsefni – þarf að vera til</li> <li>• Samkeppni um tómstundatíma barna</li> <li>• Þykir ekki nógu flott að vera í skák þegar komið er á unglingsár</li> <li>• Taflmenn eiga til að tynast – þarf að halda vel utan um töflin</li> </ul>

### **Tillögur um framkvæmd verkefnis**

Eins og áður segir snýst verkefnið um að efla skáklist í grunnskólum og eru skilgreind markmið verkefnisins:

1. Að allir nemendur á ákveðnum aldri hafi grunnþekkingu á skák
2. Að efla áhuga og aðgengi grunnskólabarna að skák

Nefndin leggur til að unnið verði að því að ná þessum markmiðum með því að:

1. Bjóða markvissa kennslu í skák til barna í 3. bekk. Námsefni sé til staðar til að byggja kennsluna á.
2. Að boðið sé upp á skákæfingar í tengslum við skóla og að hvatning sé til staðar í formi kerfis viðurkenningar á árangri og skákmóta sem ýta undir metnað nemenda.

## Helstu verkefni

1. Bjóða skákkennslu í skólum – byrja á að velja tilraunaskóla og síðan bjóða í öllum skólum.
2. Skákkennsla og skákumsjón sé launað starf.
3. Unnið verði að samantekt / gerð samræmds námsefnis fyrir skákkennslu.
4. Tilnefna skákkennara eða skákumsjónarmann í hverjum skóla sem sér um kennslu og æfingar.
5. Tengslanet skákkennara sé virkt.
6. Töfl og skákklukkur séu keypt í skóla. Töflin séu aðgengileg nemendum og einhver beri ábyrgð á góðri umgengni um þau.
7. Samræmt hvatningarkerfi sé tekið upp.
8. Samræmd skákmótaröð grunnskóla verði í boði.
9. Tekið verði á ímyndarmálum og vegur og virðing skáklistarinnar aukinn með því að fá “talsmenn” sem höfða til aldurshópsins.

## Framkvæmd – tillögur:

### 1. Skákkennsla í skólum

Mælt er með að velja 6-8 tilraunaskóla til að prófa verkefnið t.d. fjóra til sex skóla sem ekki bjóða skákkennslu í dag og tvo sem sinna skákkennslu í dag. Undirbúningur hefjist haustið 2007 og tilraunaverkefnið hefjist haust 2008. Stuðningur skólastjórnenda er forsenda þess að vel takist til því er mikilvægt að kynna verkefnið vel fyrir þeirra hópi.

### 2. Skákkennsla og skákumsjón launað starf

Lagt er til að skákkennsla verði hluti af launuðu starfi kennara. Mælt er með 2-3 kennlustundum á viku eftir stærð skóla. Lagt er til að skákkennsla verði skylda í 3. bekk þannig að allir kynnist skák en síðan val hjá öðrum bekkjum eftir það.

Starfi umsjónarmanns væri hægt að skipta milli skákkennslu og umsjónar skákæfinga. Umsjónarmaður getur haft mismunandi útfærslur á skákkennslunni. T.d. er hægt að kenna hefðbundna skákkennslu og/eða óhefðbundna þar sem kennslan er fléttuð saman við annað námsefni t.d. íslensku eða stærðfærði. Einnig er hægt að hugsa sér kennslu á föstum tímum í stundarskrá eða í formi örsmiðju þar sem skákkennsla er kennd yfir styttra tímabil.

Bjóða þarf upp á reglulegar skákæfingar fyrir nemendur sem hafa áhuga á að ná lengra í skákiðkun. T.d. mætti bjóða upp á að velja skák hjá yngri börnum í skólaskjóli en strax eftir skóla fyrir eldri nemendur. Einnig er afar mikilvægt að hluti af kennslutímanum sem ætlaður er skák fari í að börnin tefli.

Skákskóli Íslands og Skáksambandið hefði það hlutverk að skipuleggja sérstakt námskeið í skákkennslu fyrir þá kennara í skólum sem taka verkefnið að sér.

### 3. Samantekt / gerð samræmds námsefnis fyrir skákkennslu



Gott námsefni er forsenda þess að skákkennslan samræmist aðalnámskrá. Því er forgangsmál að taka saman námsefni og leggja í hendur umsjónarmanna/skákkennara. Ýmislegt er til en það þarf að taka þetta saman og matreiða.

Þörf fyrir námsefni:

- Gefa út skákefni í námsefnisformi. Gefa út kennsluleiðbeiningar fyrir kennara í skákkennslu þar sem farið sé nákvæmlega í mannganginn og ýmis grunnatriði í skáklistinni. Í kennaraheftinu séu líka sett fram rök fyrir skákkennslu. Ýmislegt efni er þegar til hvað þetta varðar en það þarf að taka það saman og gefa út.
- Gefa út námsbók, t.d. möppu með vinnublöðum, svo og kennslubók í skák. Þetta námsefni sé hugsanlega hægt að samtvinna íslenskunámi og stærðfræðinámi nemendanna og horft sé til aðalnámsskrár grunnskóla þegar þessi vinnublöð væru unnin.
- Skoða þarf möguleika á gerð gagnvirks efnis á tölvutæku formi, ennfremur hvort skákforrit sem þegar eru til geta nýst við kennslu.

#### **4. Skákkennari eða skákumsjónarmaður í hverjum skóla**

Hver skólastjóri tilnefni umsjónarmann eða skákkennara í sínum skóla sem ber ábyrgð á skákstarfi og sér um kennslu í samstarfi við umsjónarkennara. Ef þessi einstaklingur finnst ekki innan skóla mætti hugsa sér að fá utanaðkomandi starfsmann, s.s. úr hópi eldri borgara eða skákmeistara/leiðbeinanda frá nærliggjandi taflfélagi.

#### **5. Tengslanet skákkennara/skákumsjónarmanna**

Búa til vettvang fyrir skákkennara / umsjónarmenn til að hittast og skiptast á reynslu í tengslum við tilraunaverkefni. Það væri síðan hægt að þróa frekar ef verkefnið yrði útfært í öllum skólum. Hægt væri að hugsa sér fundi í tengslum við skákmót sem allir skólar sækja ásamt umsjónarmanni og á vefnum t.d. í Mentor.

#### **6. Töfl og skákklukkur**

Talsverður byrjunarkostnaður felst í að taflvæða skólana. Hægt væri að hugsa sér að kaupa sem lágmark 10 töfl og klukkur fyrir hvern skóla. Töflin séu aðgengileg nemendum í sameiginlegu rými t.d. matsal, í skólaskjóli og á bókasafni og e.t.v. í kennslustofum. Ábyrgð með umgengni sé á einni hendi t.d. á vegum bókasafns.

#### **7. Samræmt hvatningarkerfi**

Hugsa má sér nokkrar útfærslur s.s. brons, silfur, gull eða stigakerfi/litakerfi. Lagt er til að hverju stigi ljúki með prófi þar sem nemendur fá viðurkenningarskjal. Fyrsta stigi lýkur eftir kennslu í 3. bekk og síðan geta áhugasamir unnið sig upp. Æskilegt er að hvatningakerfi sé unnið samhliða námsefni fyrir skákkennslu.

Dæmi um lita/stigakerfi sem byggir á hugmynd sem sett er fram í ritgerð Smára Rafns Teitssonar og hægt væri að útfæra:

Stig 1: Græna stigið

Stig 2: Bláa stigið

Stig 3: Rauða stigið

Stig 4: Bleika stigið

Stig 5: Svarta stigið

Hverju stigi lýkur með prófi í formi þrauta og geta kennarar metið hvenær nemendur eru tilbúnir að færast upp. Nemendur skulu einnig ljúka ákveðnum fjölda móta, bæði æfinga- og alvöru keppnismóta áður en farið er upp á næsta stig.

## 8. Samræmd skákmót fyrir grunnskólabörn

Haldin verði skákmótaröð grunnskóla þ.a. börnin hafi eitthvað skemmtilegt að stefna að. Hér að neðan eru talin upp nokkur skákmót sem þeir grunnskólar sem efla vilja skákiðkun nemenda sinna gætu útfært hver á sinn hátt.

### • Skólaskákmeistaramót

Mót þar sem öllum nemendum skólans er boðið að keppa um titilinn „skólaskákmeistari“ X-skóla. Mótið væri öllum opið, t.d. 7 umferða Monrad-mót með 10 mínútna umhugsunartíma á hvorn keppanda fyrir hverja skák. Einvígi færi fram ef einhverjir eru efstir og jafnir – þá er hægt að gera mikið úr einvígínu, hafa það á öðrum tíma á sal og gefa krökkum frí úr tíma til að fylgjast með einvígínu. Mikilvægt er að 4-6 efstu nemendur á þessu móti myndi svo síðar „skáksveit“ X-skóla og taki þátt fyrir hönd skólans á Íslandsmóti grunnskóla (hver skóli getur sent eins margar 4-borða sveitir og vill).

### • Árgangamót

Mót innan hvers árgangs þar sem sá/sú sem er bestur í sínum árgangi vinnur t.d. titilinn „árgangameistari 6. bekkjar“ (og svo mismunandi árganga) X-skóla. Þetta gefur yngri krökkum sem erfitt eiga uppdráttar á mótum án aldursskilyrða tilefni til að gleðjast yfir sigrum sínum á jafnöldrum.

### • Bekkjameistaramót

Mót innan bekkjar þar sem „skákmeistari bekkjarins“ er krýndur. Í framhaldinu væri hægt að efna til bekkjakeppni þar sem 3-4 bestu skákmeistarar hvers bekkjar kepptu saman í einni sveit á móti öðrum bekkjum. Í lokin væru komnir „bekkjameistarar“ X-skóla.

### • Liðakeppni skóla í hverfinu

Mjög jákvætt væri að koma á fót liðakeppni á milli skóla í sama hverfi, sem væri þá einnig eins konar þjálfunarbúðir fyrir þátttöku á Íslandsmóti grunnskóla. Þannig gætu t.d. skólarnir í Grafarvogi att kappi um „Grafarvogsméistaratitilinn“, skólarnir í Breiðholti um „Breiðholtsmeistaratitilinn“, osfrv. Þetta er auk þess hvatning fyrir hvern skóla að húa saman í skáklið og halda skáklífínu gangandi.

- **Íslandsmót barnaskóla og Íslandsmót grunnskóla**

Mjög mikilvægt er að skólar taki þátt í Íslandsmóti barnaskóla og/eða Íslandsmóti grunnskóla. Þeir skólar sem senda flestar sveitir á mótið eru verðlaunaðir og allir þátttakendur fá viðurkenningu. Þetta eflir liðsandann í viðkomandi skóla og gefur þeim krökkum sem áhuga hafa á skák eitthvað mikilvægt til að stefna að. Þá er jákvætt að búa til lítinn hóp innan skólans sem er „skólaliðið“ og að sá hópur fái e.t.v. öðru hvoru heimsókn frá sérstökum þjálfara eða stórmeistara – eitthvað sérstakt sem gefi börnunum til kynna að þau skari fram úr og hafi ákveðnu hlutverki að gegna fyrir skólann.

*Lykillinn að velgengi í skákstarfi skólans er að gera mótin ekki of löng, hafa þau bæði létt og skemmtileg, og helst ekki bara með verðlaunum fyrir efstu sæti heldur einhvers konar viðurkenningu fyrir alla sem eru með. Ef nokkur skákmót eru h aldín yfir árið samhliða vikulegum æfingum og kennslu þá gerast góðir hlutir á undraskömmum tíma.*

## 9. Ímyndarmál

Mikil samkeppni um tómskundatíma barna og þegar komið er á unglingsár er mikið brottfall sem má rekja til þess að það þykir ekki nógu flott að vera í skák. Við viljum auka veg og virðingu fyrir skák meðal grunnskólabarna með því að fá “talsmenn” sem höfða til aldurshópsins og styrkja ímynd þeirra sem stunda skák.

Hvað yngri hópinn varðar mætti skoða möguleika á að tengjast Latabæ eða einhverju álíka svölu fyrirbæri. Í eldri hópnum er þetta meira vandamál, sérstaklega hjá stúlkum. Það myndi styrkja efnilega skákmenn að einhver sterkur einstaklingur sem er góð fyrirmynd tæki skákíþróttina upp á sína arma og segði frá því að hann tefldi reglulega.

## Aðgerðaáætlun

Drög:

Hvað	Hvernig	Markmið	Hvenær
Verkefnisstjóri valinn	Fela starfsmanni verkefnisstjórn og ábyrgð á innleiðingu	Innleiðing verkefnis	Haust 2007
Kynning fyrir skólastjórendum	Farið yfir gildi skákkennslu og kynntar hugmyndir um fyrirkomulag. Kynna á fundi skólastjórnenda	Stuðningur stjórnenda	Haust 2007
Gerð námsefnis og námsskrár	Vinna námsefni fyrir kennara og nemendur. Bæði efni sem tengist öðru námsefni og hefðbundið.	Forsenda eflingar skáklistar í skólum	Haust 2007-8
Hvatakerfi	Samræmt hvatakerfi þarf að hanna. Byggja á tillögum nefndar	Hvatning	Haust 2007-8
Kynning fyrir skákfélögum og skákmönnum	Skákfélögum kynnt verkefnið og skákmeisturum sem hugsanlega hefðu áhuga á kennslu	Tryggja víðtækt tengslanet inn í skákhreyfinguna og stuðning þar	Vor
Val á tilraunaskólum	Tillaga nefndarinnar skoðuð og kynnt skólum	Fá reynslu á verkefnið	Vor 2008
Val umsjónarmönnum á	Skólastjórnendur tilraunaskóla tilnefna	Innleiðing í skólum	Vor 2008
Stofnun tengslahóps	Umsjónarmaður við innleiðingu verkefnis heldur námskeið og sér um að stofna tengslahóp.	Stuðningur fyrir skákumsjónarmenn	Vor 2008
Innkaup á töflum og klukkum	Fá tilboð frá seljendum. Til afhendingar við markaðssetningu. Hægt að athuga hvort eitthvert fyrirtæki er tilbúið að styrkja	Forsenda verkefnis	Haust 2007
Skákmótaröð	Skipuleggja í samstarfi við Skáksamband Íslands?	Hvatning	
Markaðssetning:	Hugmynd að fá Susan Polgar til liðs við okkur til að kynna verkefnið	Ímynd	Haust 2008
Markaðssetning	PR um verkefnið – ráðherra og einhverjir þekktir	Ímynd	Haust 2008
Markaðssetning	Verndari verkefnis –góð fyrirmynd fyrir skákkrakka	Ímynd	Haust 2008

## Kostnaður

Forsendur:

1. Nemendur í grunnskólum eftir bekkjum og skóla 2006										
	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Alls	4276	4089	4238	4227	4420	4326	4506	4669	4630	4494
Nemendum sem ekki er raðað í bekki af skólum eru flokkaðir í bekki eftir aldri.										
2. Meðalfjöldi nemenda eftir bekkjardeildum 2006										
Alls	Fjöldi nemenda		43624		3. bekkur	Fjöldi nemenda		4199		
	Fjöldi bekkjardeilda		2340			Fjöldi bekkjardeilda		235		
	Nemendur í bekkjardeild		18,6			Nemendur í bekkjardeild		17,9		
Nemendur í sérskólum og sérdeildum eru ekki taldir með.										
Nemendur í samkennslubekkjum eru taldir með.										

### Dæmi um kostnað\*:

Forsendur:			
Fjöldi nemenda	4500 per árgangur		
Fjöldi skóla	180 (173 skólar 2006)		
Laun	1500 per klst.	Áætlað	
Fjöldi tafla/klukkna	10 per skóla		
Kostnaður per tafl	1000 kr.		
Kostnaður per skákklucca	4000 kr.		
Kostnaður námsefni	500 kr. per hefti		
Ferðastyrkur - flug	10.000 kr. per nemendi	á íslandsmót	
Ferðastyrkur - akstur	1000 kr. per nemandi	á íslandsmót	

Kostnaður	Upphæð Hámámark ári 1	Upphæð Lágmark ári 1	Upphæð ár 2 +	Skýring
Laun verkefnisstjóra	1.800.000	-		Hlutastarf 30% staða m.v. 500 þús per mán. í 12 mán.
Laun kennara	810.000	-	?	Getur verið hluti af föstum launum kennara
Töfl í alla skóla	1.800.000	-		m.v. 10 per skóla (lágmark) - e.t.v. hægt að fá lokala sponsor
Skákkluccur í alla skóla	7.200.000	-		m.v. 10 per skóla (lágmark) - e.t.v. hægt að fá lokala sponsor
Námsefnisgerð - laun	1.500.000	1.500.000		M.v. fullt starf í 3 mánuði
Námsefni - prentun og dreifing	2.500.000	2.500.000	2.500.000	Dreift á einn árgang per ár
Ferðastyrkir	1.000.000	1.000.000	1.000.000	Hægt að sækja um
Viðurkenningarskjöl og verðlaun	1.500.000	1.500.000	1.000.000	Hönnun ár 1 síðan bara framleiðsla
Markaðssetning	2.000.000	1.000.000	?	T.d. Susan Polgar til landsins, kynning
	<b>20.110.000</b>	<b>7.500.000</b>	<b>4.500.000</b>	

\*Ath! Þessar tölur eru nálgun og ekki byggðar á ýtarlegri rannsókn á kostnaði og fremur ætlað að gefa hugmynd um áætlaðan kostnað. Mælt er með að verkefnisstjóri geri ítarlegri kostnaðaráætlun ef af verkefninu verður.

### Hugmynd

Auðvelt ætti að vera að fá fyrirtæki til að styrkja verkefnið í heild gera bindandi samning til t.d. 3 ára.

Fyrirtæki vilja mörg hver styðja við samfélagið og þá sérstaklega það sem snýr að ungu fólki þ.e. framtíðarstarfsmenn þessara fyrirtækja. Fyrirtækjum er í mun að fá sem hæfasta einstaklinga til starfa og skákin er vel til þess fallin að þjálfa eiginlega sem nýttast vel í rekstri.

Hægt væri að biðja um 5-10 mrk. á ári. Hægt væri að hugsa sér að styrkurinn yrði meiri á ári eitt en síðari árin vegna stofnkostnaðar.

Dæmi um fyrirtæki: Fjármálafyrirtæki, lyfjafyrirtæki, álver, smásala

